



# FRÉTTABLAÐIÐ



Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, hefur smalað saman hópi tónlistarmanna til að syngja breytta útgáfu af laginu We shall overcome, fyrir Úkraínu. Þar á meðal eru Þorsteinn Einarsson, Ellen Kristjánsdóttir, KK og Ásgeir Trausti. „Mér finnst það sem er að gerast í Úkraínu ótrúlega dapurlegt. Ég hef áhyggjur af barnabörnunum mínum,“ segir Kári. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**

## Útlendingastofnun ekki fyrirstaða

Félags- og vinnumarkaðsráðherra segir að tekið verði á móti flóttafólki frá Úkraínu, jafnvel þó að fjöldi sé hér fyrir. Úkraínskir hælisleitendur séu ekki útilokaðir sem flóttamenn.

tsh@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, segir mikinn vilja hjá ríkisstjórninni til að bjóða flóttamönnum frá Úkraínu hingað.

Flóttamannanefnd var kölluð saman á föstudag og Guðmundur fól henni að fylgjast grannt með stöðunni og vinna með bæði öðrum Evrópuríkjum og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Einnig að

koma með tillögur að útfærslu móttökunnar.

„Það liggur ekki enn þá fyrir nákvæmlega með hvaða hætti það verður en þau eru bara að vinna þetta hratt og vel,“ segir Guðmundur. Óvist er hvenær niðurstaða nefndarinnar muni liggja fyrir.

Ríkisstjórnin bauð 120 afgönskum flóttamönnum til landsins eftir valdatöku Talibana. Þá hafa 20 Úkraínsmenn komið sjálfir hingað til lands og óskað eftir alþjóðlegri vernd sem og aðrir. Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra lét hafa það eftir sér fyrir skemmstu að neyðarástand ríkti hjá Útlendingastofnun sem gæti teppt aðstöðuna fyrir flóttamönnum frá Úkraínu.

Guðmundur segir af og frá að flóttamenn sem eru hér fyrir standi



**Fólk getur alltaf komið hingað og sótt um alþjóðlega vernd.**

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra

í vegi fyrir þeim sem koma frá Úkraínu. „Það mun ekki gera það. Bara alls ekki,“ segir hann. „Vardandi Úkraínu þá er þetta bara eitt af því sem við erum að skoða, með hvaða hætti við munum standa að því að

bjóða fólk velkomið. Aðalatriðið er það að fólk verður boðið velkomið og við ætlum að taka þátt í því að aðstoða við eina stærstu mannúðarkrisu sem Evrópa hefur upplifað á síðustu áratugum.“

Gat hann ekki svarað því hvort farsóttarhótelin, sem verið er að loka, fái það hlutverk að taka við flóttamönnum. Framkvæmdin yrði á vegum Útlendingastofnunar.

Aðspurður hvort fólk sem komið hefur og sótt um hæli sé útilokað frá því að verða boðið segir Guðmundur svo ekki vera.

„Fólk getur alltaf komið hingað og sótt um alþjóðlega vernd. En síðan er þetta spurning um hvernig við útfærum það verkefni að taka á móti flóttafólki frá Úkraínu vegna þess neyðarástands sem uppi er.“ ■

## Spá að olíuverð lækki í sumar

**FERDAPJÓNUSTA** Greinendur telja að olíuverð um þessar mundir sé í hámarki vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Þeir spá því að verðið verði lægra í sumar. Ef svo fer væri það lán í oláni fyrir flugfélög því umsvif í flugi eru mun meiri á sumrin en á veturna. Aðstæður geta þó breyst hratt í stríði. Þetta segir Birgir Jónsson, forstjóri Play. **SJÁ SÍÐU 8**



Birgir Jónsson, forstjóri Play

# Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA  
AFHENDING

## Veita nemum sálræna aðstoð

birnadrofn@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Hjúkrunarfræðingar frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) munu veita framhaldsskólanemum á höfuðborgarsvæðinu aðstoð vegna andlegrar vanlíðunar. Greint er frá þessu á vef Heilsugæslunnar.



Guðlaug U. Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri geðheilbrigðisþjónustu hjá HH

Guðlaug U. Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri geðheilbrigðisþjónustu hjá HH, og Kristinn Þorsteinson, formaður Skólameistarafélags Íslands, undirrituðu samkomulag um þessa auknu þjónustu síðastliðinn föstudag en um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs.

Hjúkrunarfræðingar munu koma í framhaldsskólana og veita nemendum aðstoð, ráðgjöf og fræðslu. Meðal annars um jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, næringu, hvíld, andlega vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilning á tilfinningum.

Þeim verða boðin einstaklingsviðtöl og leiðbeint eftir þörfum um hvernig þeir geti nýtt sér frekari meðferðarúrræði innan heilsugæslunnar. ■

## Spurt hvort allt sé í góðu



Dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóri og Neyðarlínan kynntu í gær og hófu vitundarvakningu gegn kynferðisofbeldi. Skilaboð átaksins berast til almennings á djamm, sem er beðinn um að vera vakandi fyrir ofbeldi og spyrja „Er allt í góðu?“. „Ef við getum stillt saman strengi í þessu þá hef ég mikla trú á því að þetta geti orðið samfélagsvaki,“ sagði Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra í samtali við Fréttablaðið eftir kynningarfund. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Séra Gunnar áfram í leyfi frá störfum

helenaros@frettabladid.is

**ÞJÓÐKIRKJAN** Leyfi séra Gunnars Sigurjónssonar, sóknarprests í Digranes- og Hjallaprestakalli, hefur verið framlengt til 1. maí næstkomandi.

Þetta staðfestir Sunna Dóra Möller, settur sóknarprestur við Digranes- og Hjallaprestakall, í samtali við Fréttablaðið.

Gunnar var settur í leyfi í desember síðastliðnum vegna ásakana sex kvenna um kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan kirkjunnar. Upphaflega stóð til að Gunnar yrði í leyfi fram til gær dagsins, eða 1. mars, á meðan málið er til rannsóknar hjá óháðu teymi sem starfar utan við allar stofnanir kirkjunnar.

„Staðan er þannig að það er ekk-



Sunna Dóra Möller, settur sóknarprestur í Digranes- og Hjallaprestakalli

ert að fréttu. Málin liggja hjá teyminu og við biðum eftir því að niðurstaða skili sér. Þetta er náttúrulega flókið og margslungið mál og í mörg horn að líta þannig að þau þurftu bara aðeins lengri tíma til að fara yfir þetta og hann var settur í leyfi í allavega tvo mánuði í viðbót,“ segir Sunna Dóra og bætir við að hún hafi fengið fréttirnar síðastliðinn föstudag. Að minnsta kosti sjö mál tengd Gunnari eru nú til rannsóknar. ■

## Allra síðasta kvöldmáltíðin var snædd á Grillinu góða

Allra síðasta kvöldmáltíðin var snædd á hinum godsagna-kennda veitingastað Grillinu í gær þegar klúbbur matreiðslumanna klæddi sig upp og gladdist.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Fyrir okkur matreiðslumenn þá tengist Grillið og Hótel Saga okkar sögu mjög sterkum böndum. Fyrir þá sem eru hingað komnir á fund matreiðslumeistara til að kveðja Grillið er hægt að segja að þetta sé tilfinningarík stund,“ segir Þórir Erlingsson, forseti Klúbbs matreiðslumeistara, en klúbburinn hélt sinn mánaðarlega fund í gær á Grillinu.

Þetta var allra síðasta kvöldverðurinn sem verður borinn fram á Grillinu en staðurinn var í fararbroddi í gæðum allt frá fyrsta degi. Auðvelt er að fullyrða að Grillið hafi verið eitt frægasta og virtasta veitingahús landsins. Sögu Grillsins lauk þegar Hótel Sögu var skellt í lás.

Glatt var á hjalla meðal klúbbmeðlima þegar þeir gengu inn í sal Grillsins og nostalgia í hverri sögu áður en Fréttablaðið varð að yfirgefa samkomuna. „Ég held að allir sem tengjast veitingageiranum hefðu viljað sjá Hótel Sögu lifa en nú er hún farin og við verðum að ylja okkur við þær góðu sögur sem við höfum úr þessu húsi,“ segir Þórir.

Hann segir að sumir sem mættu í gærkvöld hafi varið árum og jafnvel áratugum við vinnu á Hótel Sögu og Grillinu. Það sé því svolítið skrytið að gleðjast yfir engum takmörkunum vegna faraldursins en engu að síður að gleðjast og segja skemmtilegar sögur. Þórir leggur til að jafnvel verði gefin út bók með þessum sögum, þær séu nefnilega sumar



Glatt var á hjalla þó að tilefni máltíðarinnar væri súrsætt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Sumar sögurnar hljóma auðvitað eins og lygasögur en ég veit að þær eru sannar.**

Þórir Erlingsson, forseti matreiðslumeistaraklúbbsins

ansi ótrúlegar. „Sögubók. Það myndi koma mér margt meir á óvart en ef sú bók yrði að veruleika. Það væri bók þar sem fólk myndi bæði hlæja og gráta. Sumar sögurnar hljóma auðvitað eins og lygasögur en ég veit að þær eru sannar,“ segir hann og hlær.

Klúbburinn hefur fundað mánaðarlega í 50 ár með nokkrum Covid-undantekningum en hann var stofnaður 16. febrúar á Naustinu. „Við fundum frá september

og fram í maí og tökum svo gott sumarfrí en þetta er búið að haldast alla sögu klúbbsins, að funda einu sinni í mánuði. Alltaf mætir fólk í hvítum kokkajakka, svörtum buxum og svörtum skóm. Hátiðarklædd og ræðum það sem okkur finnst skemmtilegast að ræða, veitingageirann, mat og matargerð,“ segir forsetinn og bætir því við að hópurinn sé mjög samheldinn.

Klúbburinn rekur kokkalandslíðið sem er fulltrúi Íslands á stærstu alþjóðlegu matreiðslukeppnum kokkalandslíða, bæði HM og Ólympíuleikum. Landslíðið er á topp 10 í alþjóðlegum samburði og hefur best náð 3. sæti á Ólympíuleikum og 5. sæti á HM.

„Við sameinumst um landslíðið okkar og svo snýst þetta um mat og matargerð. Þetta snýst um þróun en ekki samkeppni. Þarna sitja samkeppnisáðilar saman á borði og hlæja og segja sögur úr bransanum,“ segir Þórir og hleygur nánast inn á Grill. Vill helst ekki missa af einni sekúndu. ■

**NÝBAKAÐ  
BRAUÐ  
ALLA DAGA**

• Austurströnd 14  
• Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

# Framtalið þitt er opið til staðfestingar

**Viðskiptavinir eru eindregið hvattir til að afgreiða sig sjálfir með rafrænum hætti. Einnig er unnt að hringja og fá aðstoð eða senda tölvupóst.**



## Upplýsingar á framtali

Framtalið er með árituðum upplýsingum og því er skilað í gegnum þjónustuvef Skattsins **skattur.is**. Áriðandi er að fara vel yfir upplýsingarnar og athuga hvort eitthvað vanti. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.



## Innskráning á skattur.is

Unnt er að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum eða veflykli Skattsins. Rafræn skilríki getur þú nálgast í þínum banka eða hjá Auðkenni. Ef þú átt ekki veflykil getur þú sótt um hann á þjónustuvefnum **skattur.is** og fengið hann sendan í heimabanka eða á lögheimili.

**Skilafrestur er til 14. mars**

## Við veitum aðstoð

### Símabjónusta í 442-1414

Starfsfólk Skattsins veitir þjónustu virka daga frá kl. 09:00 til 15:30 í síma 442-1414 meðan á framtalsfresti stendur.

### Pantaðu símtal - við hringjum í þig

Hægt er að panta símtal á vefsíðu okkar **skatturinn.is** og við hringjum í þig!

### Sendu okkur tölvupóst

Þú getur líka sent okkur tölvupóst á pósthfangið **framtal@skatturinn.is**.



**Ekki er veitt framtalsaðstoð á starfsstöðvum Skattsins.**

# Mikilvægt að sinna ungu fólki sem dettur úr skóla og vinnu

birnadrofn@frettabladid.is

**VINNUMARKAÐUR** Á tímabilinu janúar til júní á síðasta ári voru þrjú prósent þeirra sem hlutu þjónustu hjá VIRK tuttugu ára eða yngri. 26 prósent voru á aldrinum 20-29 ára. Á sama tímabili höfðu 35 prósent þjónustugega einungis lokið grunnskólaprófi. Alls leituðu 1.111 nýir einstaklingar til VIRK á tímabilinu.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær eru ellefu prósent nítján ára

einstaklinga hér á landi hvorki í skóla né vinnu. Eysteinn Eyjólfsson, verkefnastjóri almannatengsla og útgáfumála hjá VIRK, segir sérstaka áherslu lagða á starfsendurhæfingu fyrir ungt fólk hjá VIRK. Árið 2019 hafi verið sett af stað samstarfsverkefni um bætt lífskjör ungs fólks með skerta starfsgetu, UNG19.

„Við erum með ákveðna nálgun og ákveðin sérúrræði hjá okkur sem henta þessum hóp en til þess að eiga kost á þeim þurfa einstaklingarnir



Eysteinn Eyjólfsson, verkefnastjóri almannatengsla og útgáfumála hjá VIRK

að fara fyrst til læknis og fá beiðni um starfsendurhæfingu,” segir Eysteinn.

„Það er mikilvægt að sinna þessum hópi sérstaklega vel en allar rannsóknir sýna að því lengur sem fólk er frá vinnumarkaði og dettur í minni virkni eða óvirkni því erfiðara er að fara aftur inn,” bætir Eysteinn við.

Hermundur Sigmundsson prófessor benti á það í samtali við Fréttablaðið í gær hversu kostnaðarsamt það væri fyrir samfélagið að missa

mannauð út af vinnumarkaði og úr framhaldsnámi. „Ef bætur eru um 300 þúsund krónur þá eru þetta háar upphæðir,” sagði Hermundur.

Á síðasta ári voru 6.369 einstaklingar sem einungis höfðu lokið grunnskólanámi eða sambærilegri menntun á atvinnuleysissskrá. Árið á undan voru þeir tæplega 6.800. Árið 2020 voru 1.568 einstaklingar á aldrinum 16-24 ára á skrá hjá Vinnu- málastofnun, 170 þeirra voru á aldrinum 16-19 ára. ■

## Brást fljótt við

adalheidur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Róbert Spanó, forseti Mannréttindadómstóls Evrópu, ákvað í gær að fallast á beiðni Úkraínustjórnar um að gripið yrði til bráðabirgðaráðstöfunar vegna hernaðaraðgerða Rússlands, degi eftir að hún var send inn.

Beiðnin er vegna „stórfelldra mannréttindabrota sem framin hafa verið af hálfu rússneska hersins í árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu og á yfirráðasvæði hennar.“ Hún er sett fram vegna máls sem úkraínska stjórnin hefur þegar höfðað gegn Rússlandi.



Róbert Spanó, forseti Mannréttindadómstólsins

Að mati dómsins valda hernaðaraðgerðir Rússa víða innan Úkraínu mikilli hættu á alvarlegum og ítrekuðum brotum á ákvæðum mannréttindasáttmálans, meðal annars um bann við pyndingum og ómannúðlegri meðferð eða refsingu, réttinum til lífs og réttinum til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Með það að markmiði að koma í veg fyrir slík brot og í þágu málsadilanna beggja og þeirrar málsmeðferðar sem fram undan er fyrir réttinum skorar dómstóllinn á rússnesku ríkisstjórnina að hún beiti hvorki her sínum gegn almennum borgurum né geri svæði almennra borgara, svo sem íbúðarhús, skóla og sjúkrahús, að skotmörkuð.

Mælt er til að Rússar tryggji tafarlaust öryggi spítala, sjúkrahúsa, heilbrigðisstarfsmanna og sjúkrafreidda á hernum svæðum eða þeim sem ráðist hefur verið á. ■

# Máttu ekki hugga börnin sem grétu

Fyrirverandi forstöðukona Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins málaði vegg í fallegum litum og keypti leikföng handa börnunum, en mætti andstöðu vegna breytinganna sem hún vildi gera.

elinhirst@frettabladid.is

**BARNAVERND** Þorbjörg Guðrún Sigurðardóttir sem tók við forstöðu Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins árið 1972 segir að sér hafi blöskrað það sem við henni blasti á vöggustofunni. Hún veitti vöggustofunni forstöðu frá 1972 til 1975 og gerði miklar breytingar á starfsemi.

„Þetta var hreint út sagt hræðilegt,” segir Þorbjörg. „Ég tók við af Gyðu Sigvaldadóttur sem þó var búin að beita sér fyrir ýmsum umbótum þegar ég tók við árið 1972.

Ég kynntist vöggustofunni fyrst þegar ég var við nám í Fóstruskólanum árið 1964, en þá fórum við nokkrar námskonur saman og vorum á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins í fjóra daga. Okkur varð svo mikil um að sjá hvernig þetta var að við kvörtuðum við doktor Sigurjón Björnsson sálfræðing sem var einn af kennurum okkar í Fóstruskólanum og ég veit að hann fór lengra með málið, meðal annars var það tekið fyrir í borgarstjórn.

Þetta var þannig að við máttum ekki hugga börnin ef þau grétu. Við áttum að gefa þeim pela á fjögurra klukkustunda fresti og skipta á þeim, en ekki að skipta okkur af þeim annars. Síðan var okkur uppálagt að baða börnin en það mátti aðeins taka fimm mínútur. Það var allt á þennan veg. Börnin áttu mjög bág, þau voru hrædd við snertingu og mjög inn í sér,” segir Þorbjörg.

Fréttavaktin á Hringbraut, Fréttablaðið og frettabladid.is hafa fjallað ítarlega um svokallað



Þorbjörg Guðrún Sigurðardóttir var forstöðukona á vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1972 til 1975 og gerði þar miklar breytingar til góds.

MYND/HALLA HARDARDÓTTIR



Þetta var þannig að við máttum ekki hugga börnin ef þau grétu.

Þorbjörg Guðrún Sigurðardóttir, fyrirverandi forstöðukona

vöggustofumál á undanförunum dögum. Borgarstjóri sagði í gær að nauðsynlegt væri að öll kurl kæmu til grafar í þessu alvarlega máli og ætlað að leggja tillögu fyrir borgar-ráð í næstu viku um að málið verði rannsakað.

Rætt hefur verið við þá Viðar Eggertsson leikstjóra og Árna Kristjánsson sagnfræðing sem báðir voru vistaðir á vöggustofunni, sem þá hét Hliðarendi, sem smábörn og hafa lýst óhugnanlegum aðstæðum þar og hve vanrækt börnin hafi verið hvað snertir andlega örvun og hlýju.

„Síðan kom ég aftur að heimilinu árið 1972 og þá sem forstöðukona eins og áður segir. Þá beitti ég mér fyrir breytingum en mætti mikilli andstöðu. Ég lét mála allt í gladari litum, keypti leikföng handa börnunum og passaði það að ef komið var með systkini á vöggustofuna að þau væru ekki skilin að. Ég fann fljótlega mun á börnunum því að þau fengu aðeins meiri örvun og umhyggju og ég fann að starfsfólkið, meira að segja lækirinn sem var mjög mótfallinn þessu, að framfarirnar,” segir hún. ■

**SR3**  
STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
30 ÁRA

# GULLÖLD

## SVEIFLUNNAR

1. APRÍL, ELDBORG

**JAMES OLSEN**

**KRISTJANA STEFÁNS**

**JAMES OLSEN**



Opinn fundur borgarstjóra

# Léttum á umferðinni

Opinn fundur borgarstjóra í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

**Föstudagurinn**  
**4. mars**  
**kl. 9.00**

Tjarnarsalur, Ráðhúsi  
Reykjavíkur

Fundinum verður  
einnig streymt á  
[reykjavik.is](http://reykjavik.is)

## Dagskrá

- **Niðurstöður samkeppni um Lækjartorg**  
Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra
- **Verðlaunatillaga um Lækjartorg**  
Sigurteymi
- **Léttum á umferðinni 2022**  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
- **Borgarlína - What is going on and what can we expect?**  
Svend Poulsen verkefnisstjóri Borgarlínu, Mannvit-Arup-COWI
- **Alda, brú yfir Fossvog**  
Magnús Arason og Berglind Hallgrímsdóttir, Efla verkfræðistofa
- **Tækifærin meðfram Borgarlínu**
- **Kársnes og Hamraborg**  
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri
- **Landspítalinn**  
Hulda Steingrimsdóttir, umhverfisstjóri LSH
- **Háskóli Íslands**  
Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor HÍ
- **Háskólinn í Reykjavík**  
Ragnhildur Helgadóttir, rektor HR
- **Reginn**  
Helgi S. Gunnarsson, forstjóri
- **Reitir**  
Friðjón Sigurðarson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs
- **Klasi**  
Halldór Eyjólfsson, þróunarstjóri
- **Sæbrautarstokkur, uppbyggingarhugmyndir**  
Björn Guðbrandsson, Arkís
- **Miklubrautarstokkur, uppbyggingarhugmyndir**  
Dagný Bjarnadóttir, landslagsarkitekt FÍLA frá DLD ehf
- **Staða samgöngusáttmálans**  
Davíð Þorláksson, Betri samgöngur
- **Sæbrautarstokkur, uppbyggingarhugmyndir**  
Björn Guðbrandsson, Arkís
- **Sundabraut, staða og næstu skref**  
Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra
- Fundarstjóri er **Pawel Bartoszek**, formaður skipulags og samgönguráðs, tekur saman helstu atriði fundar

Nánari upplýsingar á [reykjavik.is/lettum-a-umferdinni](http://reykjavik.is/lettum-a-umferdinni)



Nefndin lýsir yfir stuðningi við nemendur og kennara úkraínskra skóla.

## Íslenskir háskólar styðja Úkraínu

birnadrofn@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Samstarfsnefnd háskólastigsins á Íslandi, sem mynduð er af rektorum allra íslensku háskólanna, fordæmir harðlega innrás Rússa í Úkraínu. Þetta kemur fram á vef Háskóla Íslands.

Þar lýsir nefndin yfir samstöðu með nemendum og starfsfólki úkraínskra háskóla sem og öllum íbúum landsins. „Íslenskir háskólar munu fylgjast náið með framvindu mála og bregðast við eftir því sem málin þróast,“ segir í tilkynningunni.

Þar segir einnig að íslenskir háskólar muni huga sérstaklega að starfsfólki og nemendum sínum frá Úkraínu og Rússlandi, og þeim sem eiga þar skyldfólk og ástvíni. ■



Lýst er stuðningi við fólk í Úkraínu.

## Borgarstjórn fordæmir Rússa

arib@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Borgarstjórn Reykjavíkur sendi frá sér ályktun á fundi sínum í gær þar sem innrás Rússa í Úkraínu var harðlega fordæmd. Þá lýsir borgin samstöðu og stuðningi við fólk í Úkraínu.

Þá hyggst Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn, leggja fram tillögu í skipulagsráði þar sem nafnanefnd er falið að breyta heiti Garðastrætis í Kænugarðsstræti.

Yrði með því minnt á tengsl Íslands og Úkraínu, en Kænugarður er íslenska heitið á Kyiv. ■

# Innleiðing glæru pokanna dragi mjög úr urðun

urduryrr@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Notkun glæru pokanna hefur skilað tilskildum árangri, samkvæmt Gunnari Dofra Ólafssyni hjá skrifstofu framkvæmdastjóra Sorpu. Forsvarsmenn fyrirtækisins áætla að breytingin skili sér í um 1.200 færri tonnum í urðun á ári og segja það varfærnislega áætlað.

Sorpa ákvað á þrítugsafmæli sínu, 26. apríl 2021, að ekki mætti lengur koma með úrgang á endurvinnslustöðvar í pokum sem ekki væri hægt að sjá í gegnum. Þetta var gert

í þeirri von að draga mætti úr urðun endurvinnanlegs úrgangs.

Fyrir breytinguna var um helmingur alls úrgangs sem settur var í urðunargám vitlaust flokkaður. Helmingurinn var efni sem átti heima annars staðar, svo sem plast, pappi, föt og raftæki.

„Okkar starfsfólk getur séð hvað er í glæru pokunum og leiðbeint fólk um hvað á að fara hvert,“ segir Gunnar. Nú sé ekki lengur hægt að fela sig bak við svörtu ruslapokana.

Enn er þó hægt að koma með svarta ruslapoka en starfsfólk endurvinnslustöðvanna rukkar nú



Við erum ekkert að gera þetta að gamni okkar.



Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri Sorpu

fimm hundruð krónur fyrir hvern svartan ruslapoka sem fólk mætir með rusl í. „Annars stendur því til bóða að tína upp úr pokanum og setja á rétta staði með aðstoð starfsfólks,“ segir Gunnar.

„Við erum ekkert að gera þetta að gamni okkar,“ segir Gunnar. „Við höfum það verkefni að draga úr urðun. Við höfum það verkefni að styðja við innleiðingu á hringrásarhagkerfinu. Við höfum það verkefni að bæta meðhöndlun úrgangs og við sjáum að þetta er mjög góð og öflug leið til þess og ég sé ekki betur en að það sé ánægja með þetta.“ ■

# Snortin yfir viðbrögðum Íslands

Sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi hefur fylgst með fjöldafundum til stuðnings Úkraínu og segist finna vel fyrir stuðningi Íslendinga. Hún segir þvingunaraðgerðir sambandsins gagnvart Rússum vera fordæmalausar.

jonthor@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Lucie Samcová-Hall Allen, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, er snortin yfir viðbrögðum Íslendinga við innrás Rússa í Úkraínu.

„Ég hef persónulega fundið mikið fyrir þeim mikla stuðningi og samstöðu sem ég hef séð á Íslandi. Ég hef fylgst með báðum fjöldafundum. Og ekki bara það, heldur hef ég verið í sambandi við fólk sem spyr hvað sé hægt að gera til að styrkja Úkraínu í sinni baráttu,“ segir hún.

Sendiherrann segir aðgerðir ESB tvíþættar. Annars vegar séu það refsiaðgerðir gagnvart Rússum og hins vegar hjálp til Úkraínu.

Refsiaðgerðirnar eru að miklu leyti efnahagslegar og segir sendiherrann að markmiðið með þeim sé að gera út um möguleika Pútíns til að fjármagna stríðið. Hún tekur samt fram að aðgerðirnar séu ekki miðaðar að því að valda óbreyttum rússneskum borgurum skaða, heldur séu þær miðaðar að því að veikja Kreml.

Aðgerðirnar ná meðal annars yfir ákveðna rússneska einstaklinga, um það bil 650 talsins. Í þeim hópi eru til dæmis Pútín, Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, ólígar og fólk sem er vel tengt Kreml. Þá geta rússneskar flugvélar ekki flogið yfir yfirráðsvaldi Evrópusambandsins. Auk þess er mikið um efnahagslegar aðgerðir gagnvart rússneskum bönkum og fyrirtækjum.

Aðgerðir til þess að hjálpa



Allen segir Evrópuverkefnið snúast um að skapa frið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fjárhagslegar þvinganir gagnvart mismunandi geirum í rússnesku hagkerfi



Þetta er gert svo að Úkraína geti varið sig.

Lucie Samcová-Hall Allen, sendiherra Evrópusambandsins

Úkraínu eru til að mynda fjárhagslegar og hafa aðgerðapakkar upp á hundruð milljóna evra verið samþykktir.

En það sem er líklega stærsta ákvörðunin er sú að svokallaður evrópskur friðarpakki hefur verið virkjaður í fyrsta skipti. Það verður til þess að hernaðargögn eru send frá aðildarríkjum ESB til Úkraínu.

„Þetta er gert svo að Úkraína geti varið sig,“ segir Lucie Samcová um aðgerðapakkan og tekur fram að hann sé algjörlega fordæmalaus, enda er um að ræða fyrsta stríð á milli ríkja síðan Evrópusambandið var stofnað í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar.

„Evrópuverkefnið snerist um að skapa frið. Og fyrir nokkrum árum héldum við að ekki væri þörf á aðgerðapakka sem myndi fjármagna hernaðargögn,“ segir hún og bætir við að síðan hafi margt breyst.

„Við sjáum öll að það sem er að gerast í Úkraínu er án fordæma. Og slíkar aðgerðir krefjast fordæmalausra viðbragða. Það er viðhorfið á bak við öll viðbrögð aðildarríkja ESB.“ ■

# Staðan í Vestmannaeyjum ekkert verri en annars staðar

arib@frettabladid.is

**ORKUMÁL** Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, hafnar því að Landsnet uppfylli ekki kröfur sem gerðar séu til rafmagnsflutninga til Vestmannaeyja, skerðingar undanfarinna ára séu vegna truflana á kerfinu uppi á landi en ekki vegna bilana í sæstrengjunum til Eyja.

Líkt og fram kom í blaðinu í gær fundaði bæjarstjórn Vestmannaeyja um rafmagnsleysið sem varð í bænum í síðustu viku, þar kom fram í bókun að staðan væri óásættanleg. Það þyrfti sex megavött til viðbótar í varaafli.

„Staðan í Vestmannaeyjum er ekkert frábrugðin því sem gerist á öðrum stöðum,“ segir Guðmundur. Að meðaltali hafi verið skerðingar á hluta af forgangsrafmagni í Vestmannaeyjum í þrjár klukkustundir á ári síðustu fimm árin.

„Það er algjörlega sambærilegt við það sem gerist til dæmis í Neskaupstað. Skýringarnar á þessu straumleysi eru ekki að sæstrengirnir hafi verið að trufla heldur fyrst og fremst kerfið uppi á landi.“ Þess vegna er áherslan á að styrkja kerfið þar.

Tveir sæstrengir flytja rafmagn til Vestmannaeyja. Vestmannaeyjastrengur 1 er kominn til ára



Það er algjörlega sambærilegt við það sem gerist til dæmis í Neskaupstað



Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets

sinna. Guðmundur segir að hann hafi ekki bilað í áratugi en það sé á langtímaáætlun Landsnets að skipta um strenginn. Vestmannaeyjastrengur 3 var tekinn í gagnnið árið 2013 og segir Guðmundur að hann hafi einu sinni bilað, það hafi að öllum líkindum verið vegna framleiðslugalla.

Forgangsrafmagn í Vestmannaeyjum er í mesta lagi um ellefu megavött. Bili Vestmannaeyjastrengur 3 er unnt að flytja 8 megavött með Vestmannaeyjastreng 1 auk þess sem núverandi varastöðvar eru með 5,5 megavött. Guðmundur segir að ef svo ólíklega vildi til að þeir biluðu báðir á sama tíma væru til færan-

legar stöðvar með tólf megavöttum hjá Landsneti.

Guðmundur segir að staðan breytist verulega til batnaðar í vor. „Þá tókum við í notkun nýja spennistöð rétt austan við Þjórsá. Þaðan hefur verið lagður jarðstrengur til Hellu og Hvolsvallar. Það bætir afhendingaröryggi á Sudurlandi verulega. Á næsta ári hefjast framkvæmdir við jarðstreng frá Lækjartúni til tengistöðvar Vestmannaeyjastrengjanna í Rimakoti, þar með verður komin á tvöföld tenging til Vestmannaeyja. Þetta mun tryggja Vestmannaeyjum meiri afhendingaröryggi sem og Sunnlendingum öllum.“ ■



**MAXUS**

NÝTT BÍLAMERKI Á ÍSLANDI!

# MAXUS E-DELIVER 9 OG E-DELIVER 3 100% RAFKNÚNIR SENDIBÍLAR!

MAXUS VEITIR ÞÉR FORSKOT Í UMHVERFISVÆNUM FLUTNINGUM

## MAXUS E-DELIVER 3

- / Enginn bensínkostnaður
- / Drægni allt að 342 km (WLTP)
- / Fáanlegur í tveimur lengdum
- / Flutningsrými frá 4,8 og 6,3 m<sup>3</sup>

## MAXUS E-DELIVER 9

- / Enginn bensínkostnaður
- / Drægni allt að 353 km (WLTP)
- / Fáanlegur í tveimur lengdum
- / Flutningsrými frá 9,7-11 m<sup>3</sup>



**MAXUS**  
**100%**  
**RAFKNÚINN**

E-DELIVER 3  
VERÐ FRÁ KR. **4.990.000**

E-DELIVER 9  
VERÐ FRÁ KR. **8.500.000**

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

## ■ Skoðun

Helgi Vífill Júlíusson



## Vantraust á báða bóga

Það er ekki nóg með að atvinnulífið tortryggi og vantreysti Reykjavíkurborg, eins og fram kemur í drögum að atvinnu- og nýsköpunarstefnu borgarinnar, heldur treystir borgin ekki fyrir tækjum fyrir mikilvægum verkefnum.

Það má sjá í hve litlum mæli borgin nýtir þjónustu einkarekinna leik- og grunnskóla. Og að borgin stefnir á að ráða 60 manns, eða ígildi fjölmenns upplýsingatæknifyrirtækis, til að byggja upp stafræna innviði sveitarfélagsins, í stað þess að bjóða út einstaka verkþætti.

Dæmin eru fleiri. Reykjavíkurborg rekur til dæmis stærstu sorphirðu landsins í stað þess að fá einkaaðila til að sinna henni.

Raunar er meirihlutanum í Reykjavíkurborg það illa við sjálfstæða grunnskóla að hann hefur kosið að svelta þá. Það er skilvirk leið til að gera þá hornreka í borginni. Einkareknu grunnskólarnir fá einungis 75 prósent af framlagi skóla í eigu borgarinnar.

Vitaskuld eiga allir barnaskólar að fá jafnt frá borginni. Fullt framlag eykur líkur á að skólarnir þurfi ekki að innheimta skólagjöld sem mun gera fleirum kleift að sækja nám hjá þeim. Mælikvarðinn á einkarekstur sem veitir opinbera þjónustu er ekki að hann afli sjálfstæðra tekna, eins og ætla mætti af fyrirkomulaginu, heldur að hluthafar hætti eigin fé í reksturinn.

Leita þarf leiða til að efla menntun á Íslandi og öflugir einkareknir skólar eru vel til þess fallnir að innleiða nýjungar í skólastarfið og veita nemendum góða þjónustu.

Menntun er lykillinn að því að ná árangri í útflutningi á tækni. Það er nauðsynlegt að ná miklum árangri á því sviði til að lifsgæði hér á landi verði til jafns við það sem best gerist í heiminum enda er vöxtur auðlindahagkerfisins háður takmörkunum.

Borgin hefur dregið lappirnar í upplýsingagjöf. Þórdís Sigurðardóttir, sem sækist eftir oddvitasæti Viðreisnar í Reykjavíkurborg, vekur athygli á því í viðtali við Markaðinn að foreldrar geti ekki aflað sér upplýsinga um gæði skóla í borginni.

Það er mikilvægt að fá þær fram. Foreldrar eiga ekki að treysta í blindni þegar þeir skrá börn sín í skóla. Slíkar upplýsingar eru líka leiðarvísir og hvatning fyrir skóla til að bæta sig. ■

# Lán í óláni að olíuverð sé í hæstu hæðum þegar minna er flogið

Olía er umtalsverður hluti af kostnaði flugfélaga. Olíuverð hefur ekki verið hærra frá árinu 2014. Eldsneytisvarnir Ícelandair á fyrri helmingi ársins eru um 20-30 prósent.

helgivilfill@frettabladid.is

Greinendur telja að olíuverð um þessar mundir sé í hámarki vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Þeir spá því að verðið verði lægra í sumar. Ef svo fer væri þá lán í óláni því umsvif í flugi eru mun meiri á sumrin en á veturna. Aðstæður geta þó breyst hratt í stríði. Þetta segir Birgir Jónsson, forstjóri Play.

Fram hefur komið í fréttum að olíuverð hefur ekki verið hærra frá árinu 2014, frá því að innrásin í Úkraínu hófst. Aðspurður segir hann að olía sé umtalsverður kostnaðarliður hjá Play.


Fram að þessu hefur Play ekki keypt olíuvarnir því flugfélagið hefur flogið til þess að gera lítið og miklar sveiflur hafa verið á olíuverði. Viðskiptavinir hafa keypt flugmiða með skömmum fyrirvara í Covid-19 og því hefur verið mögulegt, að sögn Birgis, að láta miðaverð endurspegla að einhverju leyti oliukostnað. Play mun nýta olíuvarnir þegar umsvifin aukast með vorinu og viðskiptavinir eru farnir að kaupa flugmiða með meiri fyrirvara.

„Aðalmálið fyrir okkar rekstur er að eftirspurn haldist,“ segir Birgir. „Fram að þessu hafa átökin ekki haft áhrif á eftirspurn eftir flugferðum hjá okkur.“

Birgir segir að almennt ætti miðaverð að þróast í takt við olíuverð. Markaðsaðstæður alþjóðlega séu þó með þeim hætti að almennt séu

## Olíuverð hækkar eftir innrás Rússlands í Úkraínu

Olíuverð hefur hækkað um yfir 100 Bandaríkjadali á tunnuna og hefur ekki verið hærra í meira en sjö ár eftir að Rússland réðst inn í Úkraínu.



Leiðarkerfið nær ekki yfir þetta svæði.



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group

flugfélög með mikla afkastagetu því ferðalög hafa dregist saman í Covid-19. Þau reyni að glæða eftirspurnina með lægra verði. „Mögulega munu flugfélögin taka hærra olíuverð á sig,“ segir Birgir.

Hann segir að Play sé ekki með háan fastan kostnað. Flugfélagið sé með þrjár flugvélar í rekstri en í sumar verði þær sex. „Við erum að auka framboð á flugi á hárréttum tíma eftir Covid-19.“

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, segir að stríð í Úkraínu hafi ekki bein áhrif á rekstur flugfélagsins. „Leiðarkerfið nær ekki yfir þetta svæði,“ segir hann.



Aðalmálið fyrir okkar rekstur er að eftirspurn haldist.



Birgir Jónsson, forstjóri Play

Að hans sögn eru óbeinu áhrifin hærra eldsneytisverð. Aðspurður segir hann eldsneytisvarnirnar á fyrri helmingi ársins vera um 20-30 prósent.

Bogi bætir því við að öll óvissa sé slæm fyrir viðskipti og ferðalög. Það eigi eftir að koma í ljós hver áhrif innrásarinnar verði á bókanir. Fram til þessa hafi hún ekki haft áhrif á bókanir.

Aðspurður segir Bogi að áætlanir Icelandair geri ráð fyrir að flugfélagið verði rekið með hagnaði í ár. Þær áætlanir geri ráð fyrir að eldsneytisverð sé að meðaltali 800 Bandaríkjadali á tonnið. „Hækk-anir umfram það munu hafa áhrif á afkomuna til verri vegar,“ segir hann.

Samkvæmt upplýsingum á veg IATA, alþjóðasambands flugfélaga, kostar tonnið nú um 878 Bandaríkjadali og hefur hækkað um 59 prósent á milli ára. ■

# Metur Regin fjórtán prósent yfir markaðsgengi

magdalena@frettabladid.is

Jakobsson Capital metur gengi hlutabréfa í fasteignafélaginu Regin á 38,2 krónur á hlut sem er 14 prósent yfir núverandi markaðsgengi félagsins. Þetta kemur fram í nýju verðmati sem gefið var út þann 25. febrúar síðastliðinn.

Markaðsvirði félagsins nemur rétt tæplega 61 milljarði króna en verðmatið hljóðar upp á rétt tæpa 70 milljarða króna.

Fram kemur í verðmatinu að rekstrarhagnaður Regins reyndist vera 200 milljónum króna hærra en gert var ráð fyrir í rekstraráætlunum. Leigutekjur jukust um 13 prósent eða um 1.200 milljónir króna milli ára og námu 10.374 milljónum króna árið 2021.

„Líklegast er hægt að benda á verðbólguþátt og í lok seinasta árs en tekjur fasteignafélaganna eru nánast að fullu verðtrygðar. Kostnaðarliðar voru líka örlítið



Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins

hagstæðari en búist var við,“ segir í verðmatinu.

Einnig kemur fram að Reginn hafi verið í talsverðum kostnaðarhagræðingum á árinu sem hafi „skilað sínu“.

„Reginn er með bestu nýtinguna af öllum fasteignafélögum og liggur styrkur Regins þar í góðri dreifingu eignasafnsins. Aðeins um 5% eru hótél en rúmlega 30% eru verslunareignir. Verslun hefur gengið afburða vel undanfarið ár og tekjur líklegast góðar vegna verslunareigna,“ segir í verðmatinu. Þá kemur fram að rekstrarkost-

aður Regins hafi aukist lítillega á árinu eða um tæplega 1,5 prósent en að raunvirði er það samdráttur í rekstrarkostnaði. Um helmingur rekstrarkostnaðar fasteignafélaganna eru fasteignagjöld.

„Virðismat eigna Regins jókst nokkuð árið 2021 eða um 9,5 prósent milli ára og ættu fasteignagjöld því hækka nokkuð árið 2022. Þróun fasteignaverðs atvinnuhúsnæðis hefur væntanlega verið nokkuð döpur árið 2020 og hækkuðu fasteignagjöld lítið milli árána 2020 og 2021 eða innan við 1 prósent. Fasteignagjöld fóru úr 1.570 milljónum króna í 1.584 milljónir króna,“ segir í verðmatinu.

Jafnframt segir að leiga á síðasta ári hafi hækkað af þeim sökum langt umfram hækkuðu fasteignagjalda.

„Leiguarðsemi hækkar því nokkuð milli ára og er nú 4,9 prósent í stað 4,4 prósent árið 2020 og er arðsemi nú í takt við seinustu árin



Reginn er með bestu nýtinguna af öllum fasteignafélögum og liggur styrkur Regins þar í góðri dreifingu eignasafnsins.

fyrir Covid. Kostnaður við tryggingar jókst um 13 milljónir króna eða 9 prósent. Eini kostnaðarliðurinn sem jókst umfram verðbólgu svo um muni er stjórnunarkostnaður sem hækkaði um tæplega 20 prósent milli ára. ■

## Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á [opticalstudio.is](http://opticalstudio.is)  
og í síma 511 5800

Optical Studio  
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



# GERÐU STARFSFÓLKINU GLAÐAN DAG



## SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu. Margir verðflokkar í boði.

# Borgin semji við fleiri einkarekna leikskóla

Þórdís Sigurðardóttir, sem sækist eftir oddvitasæti Viðreisnar í Reykjavíkurborg, hefur setið í fjölda stjórnna, þar á meðal Apple í Skandinavíu, Karen Millen í London, Vodafone, Merlin í Danmörku og Debenhams í Svíþjóð.

helgivifill@frettabladid.is

Það væri hagkvæmara fyrir Reykjavíkurborg að gera fleiri samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla. Þeim hefur gengið vel að manna stöður og um þá ríkir mikil ánægja meðal foreldra og starfsfólks. Á sama tíma hefur Reykjavíkurborg átt í vandræðum með að ráða til sín starfsfólk á leikskóla sem bitnar á þjónustunni.

Þetta segir Þórdís Sigurðardóttir sem sækist eftir oddvitasæti Viðreisnar í Reykjavíkurborg. Hún þekkir vel til rekstrar leik- og grunnskóla en Þórdís var framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar í fimm ár þar til fyrir um ári. Þórdís hefur meðal annars setið í stjórnnum Haga, Apple í Skandinavíu, Karen Millen í London, Vodafone, Teymis, Merlin í Danmörku, Debenhams í Svíþjóð og Skugga bókaútgáfu. Hún starfaði einnig í Háskólanum í Reykjavík sem lektor í stefnumótun og stjórnun en einnig sem forstöðumaður MBA-náms og í Háskólaráði HR.

Þórdís segir að það verkefni sem henni er hvað umbezt sé umbreytingarverkefni sem hún leiddi innan Hjallastefnunnar, sem á og rekur 18 skóla víðs vegar um landið, og miðaði að því að valdefla starfsfólk. Mælanlegur árangur var af þessum aðgerðum en meðal annars jókst starfsánægja mikið, sem og ánægja foreldra, hlutfall fagmenntaðs starfsfólks varð það hæsta á landinu og á sama tíma batnaði reksturinn. Fyrir vikið hlaut Hjallastefnan verðlaun Viðskiptaráðs árið 2019 enda dæmi um að hægt sé að auka gæði og draga úr kostnaði með góðri stjórnun.

Þórdís vekur athygli á að Reykjavíkurborg greiðir einungis 75 prósent til einkarekinna grunnskóla af því sem kostar að reka



Þórdís starfaði í fimm ár sem framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar sem rekur 18 skóla.

MYND/ADSEND

skóla borgarinnar. „Það gerir það að verkum að einungis ákveðinn hluti foreldra getur leyft börnum sínum að fara í sjálfstætt starfandi skóla. Ég vil breyta þessu. Borgin á að greiða þessum skólum til jafns við hina opinberu líkt og önnur sveitarfélög gera. Það er mikilvægt að skólar borgarinnar hafi fjölbreyttar áherslur. Valdefla þarf starfsfólk skóla og færa þjónustuna nær börnunum. Flækjustigið er of mikið. Frelsa þarf starfsfólk undan þessu oki. Það er langskólalenging en nýtur lítills traust. Ég þekki þetta af eigin reynslu: Þegar ég hóf störf hjá Hjallastefnunni hófum við þessa vegferð, að sýna starfsfólki auknið traust. Þau vita best hvað þarf til að skólastarfið verði enn betra,“ segir hún.

Að sögn Þórdísar skortir Reykjavíkurborg viðmið um hvað þarf til að skólar borgarinnar séu góðir. Það sé mikilvægt fyrir foreldra að geta komist í upplýsingar um gæði skóla

og það sé jafnframt leið til að skólar geti lært af öðrum og bætt sig.

Reykjavíkurborg vinnur að því að koma á fót deild til að byggja upp stafræna innviði borgarinnar. Áformað er að verja 10,3 milljörðum til þessa verkefnis á rúmum tveimur árum. Þórdís gagnrýnir það að borgin hyggist ráða til sín starfsfólk í stað þess að fá tilbod í einstaka verkþætti. „Almenna reglan á að vera sú að Reykjavík fari ekki í samkeppni við atvinnulífið. Ef einlægur vilji er til að nýsköpun fái að blómstra í borginni, eins og fram kemur í atvinnustefnu hennar, er mikilvægt að styðja við fyrirtækin sem eru að byggja upp þekkingu,“ segir hún.

Þórdís er fylgjandi þéttingu byggðar og að hverfin séu skipulögð með þeim hætti að ekki þurfi að eiga bíl. Íbúar geti gengið í nauðsynlegar verslanir og til að sækja þjónustu. Auk þess sé mikilvægt að almenningssamgöngur séu góðar.



**Borgin á að greiða þessum skólum til jafns við hina opinberu líkt og önnur sveitarfélög gera.**

„Borgarlínan er forsenda þess að þeir sem vilja vera á bíl geti komist leiðar sinnar án þess að lenda í umferðaröngþveiti,“ segir hún.

Aðspurð hvort hún hafi lýst skipulagsstefnu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra segir hún að margt sé ógert við að færa þjónustu

í hverfin, sem sé þó risavaxið grænt mál og til þess fallið að auka lífsgæði fólks og draga úr umferðarþunga. Margir foreldrar ungra barna þurfi til dæmis að fara um langan veg til að fara með þau til dagforeldra.

Þórdís bætir því við að þrátt fyrir að rík áhersla sé á þéttingu byggðar sé hægt að hugsa upp nýjar leiðir til að vinna bug á húsnæðisskortri. Á sama tíma verði að gæta þess að uppbyggingin sé hluti af stærri hugsun svo innviðir tryggi undirstöður verslunar og þjónustu. Hverfisskipulag þurfi að taka meira mið af sjálfbærni og það sé meðal annars gert með því að tryggja nærþjónustu og þar með draga úr sóun á tíma fólks, minnka kolefnisfótspor og um leið einfalda líf fólks í borginni.

„Þegar við tökumst á við áskoranir samtímans, líkt og loftslagsmál, verða lausnirnar að vera í takt við þarfir samfélagsins. Ég hef trú á því að þéttbýlisstefnan sé hluti af lausnunum en hún byggir á miklu stærri hugsun heldur en bara þéttingu. Hún byggir á nýjum nálgunum og kallar á nýja hugsun við fjármögnun bygginga og við að skapa fólki betra og sjálfbærara líf,“ segir Þórdís.

Spurð hvort það væri fyrsti kostur að halda núverandi samstarfi í meirihluta segir hún að málefnið verði að ráða för. „Ég vil einfalda og bæta rekstur borgarinnar. Það er búið að skrifa svo margar stefnur undanfarin ár án þess að hugað sé almennilega að innleiðingu þeirra og framkvæmd. Lausnin er ekki alltaf að fjölga fólki heldur skýra ábyrgð á verkefnum,“ bætir Þórdís við.

Aðspurð hvornig hún telji að sér muni ganga við að koma á auknum einkarekstri í skólakerfinu og útvísta verkefnum í samstarfi núverandi meirihluta sem Viðreisn er hluti af með Dag sem borgarstjóra, svarar Þórdís um hæl að til þess sé mikilvægt að Viðreisn fái góða kosningu til að geta komið þessum málum í gegn og hafi burði til að hefja meirihlutasamstarf við flokka sem deili sömu sýn og vilji lífliga græna borg. ■

## Sjötíu vinna fyrir Marel í Rússlandi og Úkraínu

magdalena@frettabladid.is

Linda Jónsdóttir, fjármálastjóri Marel, segir að í stóra samhenginu muni innrás Rússa í Úkraínu hafa lítil sem engin áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Um 70 manns vinna fyrir fyrirtækið í Rússlandi og Úkraínu en hjá fyrirtækinu í heild starfa um 7.000 manns.

„Við erum stórt alþjóðlegt fyrirtæki sem störfum í þremur iðngreinum, erum með starfsemi í sex heimsálfum og þjónustum viðskiptavini í 140 löndum. Síðan koma 40 prósent af okkar tekjum frá þjónustu og sölu á varahlutum,“ segir Linda og bætir við að þó Marel sé vissulega með starfsemi í Rússlandi og Úkraínu sé starfsemin þar aðeins nokkur prósent af heildarvinnunni.

„Auðvitað höfum við áhyggjur af heimsástandinu og það er mikil óvissa um þessar mundir en þetta hefur ekki mikil fjárhagsleg áhrif á okkur. Hjá Marel vinna rúmlega 7.000 manns en aðeins um 70 manns vinna hjá okkur í Rússlandi og Úkraínu til dæmis. Við höfum lagt höfuðáherslu á að tryggja öryggi þeirra og annarra starfsmanna á svæðinu, og munum að sjálfsögðu fylgja öllum lögum og



Linda Jónsdóttir, fjármálastjóri Marel.

þeim viðskiptaþvingunum sem við eiga hverju sinni.“

Linda segir einnig að viðskiptamódel Marel hafi reynst farsælt á tímum áskorana. „Í þéttu samstarfi við viðskiptavini okkar og birgja hefur lausnamiðað og öflugt teymi Marel tryggt að fæðukeðjan, ein mikilvægasta virðisdeyja í heimi, hafi haldið áfram starfsemi þrátt fyrir áskoranir í markaðsumhverfi eins og milliríkjadelur, viðskiptaþvinganir og heimsfaraldur. ■

## Tækifæri felist í stafrænum vörum

magdalena@frettabladid.is

Hjörtur Elvar Hilmarsson, framkvæmdastjóri og meðeigandi vefhönnunarstofunnar 14islands, segir að það felist mikil tækifæri fyrir fyrirtæki í að huga að stafrænu vörumerki sínu.

„Við stofnuðum fyrirtækið 14islands fyrir tíu árum í Stokkhólmi og síðan þá erum við búin að hjálpa mörgum fyrirtækjum að hanna og smíða stafrænar vörur,“ segir Hjörtur og bætir við að meðal þeirra fyrirtækja sem 14islands hefur aðstoðað séu Spotify, Sameinuðu þjóðirnar, Disney, Google, Adidas og nýsköpunarfyrirtæki frá ýmsum stöðum í heiminum.

„Við erum nú að opna starfsstöð hér á landi og mun ég leida þá vegferð en við erum nú þegar með starfsemi í Svíþjóð og Brasilíu. Það felast mörg tækifæri í því að opna starfsstöð hér á landi. Hér höfum við til dæmis aðgang að mjög hæfu starfsfólki. Síðan er líka spennandi að vinna með fyrirtækjum hér á landi og ráðleggja þeim um hvernig byggja má upp stafrænt vörumerki.“

Hjörtur segir að viðskiptavinir fyrirtækisins séu oft á tíðum á mismunandi stað hvað varðar stafrænar vörur en 14islands geti mætt þörfum þeirra hvar sem þau séu stödd.



Hjörtur Elvar Hilmarsson, framkvæmdastjóri 14islands.

MYND/ADSEND

„Við bjóðum upp á hönnun, ráðgjöf og hugbúnaðarþróun. Oft á tíðum vita fyrirtækin ekki hvað þau þurfa þegar kemur að því að byggja upp stafræn vörumerki og þá ráðleggjum við þeim í því ferli. Það sem skapar okkur sérstöðu er að við bjóðum fyrirtækjum upp á allan pakkann. Við tökum að okkur þetta ferli að þróa stafrænar vörur frá upphafi til enda.“

Hjörtur bætir við að í Covid-19 faraldrinum hafi fyrirtækin mörg hver áttað sig á því hversu mikilvægt það er að veita viðskiptavinum vandaðar stafrænar vörur.

„Þegar faraldurinn var nýbúinn að

skella á minnkuðu aðeins umsvifin hjá okkur því fyrirtækin voru að halda að sér höndum. En eftir sirka þrjú mánuði fór aftur að aukast hjá okkur því þá áttuðu fyrirtækin sig á því að þörfin fyrir stafrænar vörur hafði í raun aldrei verið meiri. 14islands hefur verið í töluverðum vexti og á síðasta ári tvöfaldaðist bæði velta og starfsmannafjöldi félagsins. Nú starfa um 15 manns á stofunni og við hyggjumst bæta við okkur. Ég er bjartsýnn á að það eigi eftir að eiga sér stað enn meiri vitundarvakning meðal fyrirtækja um að þróa stafræn vörumerki og fá aðstoð fagaðila í þeirri þróun.“ ■

# Hefur áhuga á hreyfingu og ferðum

**Nám:** B.S. í hagfræði frá HÍ og er að ljúka M.S. í fjármálhagfræði við sama skóla núna í vor.

**Störf:** Er að klára síðustu dagana hjá Deloitte og byrja nýju starfi hjá Íslandsbanka í lok mars þar sem ég mun leiða vörubróun fyrir ungt fólk og fjárfestingar.

**Fjölskylduhagir:** Í sambúð með Bjarna Páli Linnét Runólfssyni.

Kristín Hildur Ragnarsdóttir hefur verið ráðin til starfa til Íslandsbanka þar sem hún mun leiða vörubróun fyrir ungt fólk og fjárfestingar. Hún byrjar alltaf daginn á hafragraut og kaffi og segir að sú bók sem hafi haft hvað mest áhrif á hana sé Dagbók Önnu Frank.

*Hver eru þín helstu áhugamála?*

Allt sem tengist hreyfingu og ferðalögum með fjölskyldu og vinum er efst á lista. Ég reyni að verða betri og betri í golfi á hverju ári, þá mun ég hafa góða afsökun þegar ég fer á eftirlaun fyrir að eyða öllum mínum tíma á Flórída á einhverjum fallegum golfvelli. Fylgist líka mikið með íþróttum og er mikill Liverpool-áðdáandi, held samt alltaf mest bara með Klopp.

*Hvernig er morgunrúttin þín?*

Ég byrja daginn alltaf á hafragraut og kaffi. Ég bý við þann lúxus að kærastinn minn vaknar yfirleitt á undan mér og gerir morgunmatinn kláran. Ég reyni að taka æfingu fyrir vinnu tvisvar í viku, allavega ef ég hef sofnað á skikkanlegum tíma.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Þær eru þó nokkrar en sú fyrsta var Dagbók Önnu Frank. Síðan las ég Think and Grow Rich eftir Napoleon Hill fyrir nokkrum árum og ætli hún hafi ekki sáð einhverjum fjármálafræjum í kollinn á mér. Annars hef ég mikinn áhuga á sögum sem eru byggðar á reynslu-sögum og ef það er einhver lærdómur sem maður getur tekið með sér eftir lesturinn þá er það toppurinn.



Uppáhaldsborgin hennar Kristínar er New York en hún fór þangað í janúar síðastliðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR



**Það eru nokkrar bækur sem hafa haft hvað mest áhrif á mig en sú fyrsta var Dagbók Önnu Frank.**

Svo var gamall yfirmaður að gefa mér bókina Twelve and a Half, eftir Gary Vaynerchuk. Mér finnst mjög skemmtilegt þegar fólk gefur öðru fólk bækur sem hafði áhrif á það og ekki amalegt að vera komin með eina slíka upp í hendurnar.

*Hvaða áskoranir eru fram undan?*

Að klára lokaritgerðina mína í meistaranáminu og hefja störf hjá Íslandsbanka en ég hlakka mikið til að kynnast fyrirtækinu og því góða fólk sem starfar þar. Það eru síðan ýmis verkefni á döfinni með samstarfskonum mínum í Fortuna Invest og erum við meðal annars að fara að halda fyrirlestra hér og þar í næsta mánuði.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

Fulla af fróðleik að fást við skemmtilegar áskoranir. Ég verð vonandi búin að fá tækifæri til að fara til Japans, draumurinn væri að gefa út aðra bók og að hafa tekist að

fríska upp á fjármálafræðslu í skólum landsins.

*Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?*

Forritari, ég gæti unnið hvar sem er í heiminum og væri líklega örugg með vinnu það sem eftir er – verst er að ég er bara ekki nógu góð í forritun. Myndi líka ihuga einhvers konar þjálfun, gæti spunnit saman hreyfingu, félagsskap og vinnu, finnst það hljóma vel.

*Hver er þín uppáhaldsborg?*

New York. Hef bara einu sinni komið til Bandaríkjanna og það var til New York í janúarmánuði, ég heillaðist alveg og langar virkilega að prófa að fara þangað aftur yfir sumartímamann. Maður gat gengið út með alveg óplanadan dag en samt alltaf upplifað eitthvað nýtt. Allar típur af veitingastöðum í boði og fjölbreytt mannlíf, alveg eins og maður vill hafa það í útlöndum. ■

## Travelshift færir út kvíarnar

magdalena@frettabladid.is

Jakob Ásmundsson, fjármálastjóri Travelshift sem áður hét Guide to Iceland, segir í samtali við Markaðurinn að fyrirtækið sé að fjárfesta í ýmsum spennandi verkefnum utan landsteinanna.

„Rætur félagsins liggja hér heima, en undanfarin ár höfum við verið að færa út kvíarnar og fjárfesta í tækni sem gerir okkur kleift að selja ferðalög um alla Evrópu. Við erum ferðatæknifyrirtæki og leggjum áherslu á sjálfvirknivæðingu. Ferðamenn geta nálgast alla helstu þjónustu sem þarf til að skipuleggja ferðalagið sitt auðveldlega á einum stað,“ segir Jakob og bætir við að fyrirtækið hafi síðustu ár fjárfest í þróun á Guide to Europe.



Jakob Ásmundsson, fjármálastjóri Travelshift

„Það markaðstorg er ætlað fyrir alla Evrópu og er þar af leiðandi mun stærra í sniðum. Þetta verkefni er langt komið og þegar það verður tilbúið um mitt þetta ár mun það bjóða upp á tækni sem ekki hefur sést áður í ferðageiranum.“ Jakob nefnir að fyrirtækið haldi einnig úti samstarfsverkefnum Guide to Philippines sem býður upp á allhliða ferðaþjónustu á Filippseyjum.

Tilkynnt var í gær um að ferðatæknifyrirtækið hefði breytt nafni sínu úr Guide to Iceland í Travelshift. Vörumerkið Guide to Iceland verður áfram nýtt til markaðssetningar og þjónustu við ferðamenn til Íslands.

Travelshift var stofnað árið 2012 og rekur meðal annars Guide to Iceland, markaðstorg sem er notað af yfir 1.500 ferðaþjónustufyrirtækjum á Íslandi. Yfir milljón ferðamenn heimsækja vefsíðuna í hverjum mánuði. ■

## Intel ber sigur úr bítum gegn framkvæmdastjórn ESB



Helga Melkorka Óttarsdóttir, lögmaður og meðeigandi á LOGOS



Vilhjálmur Herrera Þórisson, lögmaður og fulltrúi á LOGOS

(e. central processing units, CPU), meðal annars með innleiðingu tryggðarafsláttarkerfis sem gaf viðskiptavinum kost á afslætti gegn því að kaupa einungis eða að stórum hluta miðverk af Intel.

Mat framkvæmdastjórnarinnar byggði meðal annars á því að háttsemin hefði haft skaðleg áhrif á samkeppni með vísan til mats á því hvað jafn skilvirkur keppnautur (e. as efficient competitor) þyrfti að rukka fyrir sambærilega vöru til þess að vera arðbær, en framkvæmdastjórnin tók einnig fram að ekki þyrfti að sýna fram á neitt slíkt mat með vísan til dómafordæma, sem gjarnan eru kennd við Hoffman-La Roche dóminn frá árinu 1979.

Undirréttur Evrópu dómstólsins staðfesti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í heild sinni árið 2014 með vísan til sömu röksemdafærslu og birtist í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, að háttsemin fæli í eðli sínu í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu, og því væri óþarfi að leggja mat á það hvort háttsemin hefði haft samkeppnislega hamlandi áhrif í reynd.

Þeirri ákvörðun var skotið til yfirdeildar dómstólsins, sem komst að þeirri niðurstöðu árið 2017 í máli nr. C-413/14 að undirrétturinn þyrfti að taka málið aftur til skoðunar þar sem hann hefði ekki lagt sérstakan dóm á mat framkvæmdastjórnar-



innar á áhrifum háttseminnar (sem undirrétturinn taldi óþarft með vísan til dómafordæma).

Dómur yfirdeildarinnar vakti verðskuldaða athygli á sínum tíma. Taldi dómurinn að þau fordæmi sem undirrétturinn og framkvæmdastjórnin byggðu á væru rangtúlkuð og meðal annars vegna þess þyrfti að fara fram ný sönnunarfærsla.

Það sem vekur sérstaka athygli er að skilningur framkvæmdastjórnarinnar í ákvörðun sinni frá árinu 2009 og undirréttarins í dómi sínum frá árinu 2014, er sá sami og Samkeppniseftirlitið hefur lagt til grundvallar í málum sem byggja á 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Dæmi um slíka túlkun má sjá í ákvörðun nr. 40/2014, Misnotkun

Securitas hf. á markaðsráðandi stöðu sinni, bls. 33-34.

Undirréttur Evrópu dómstólsins dró eftirfarandi ályktanir af dómaframkvæmdinni í samræmi við leiðbeiningar yfirdeildarinnar:

Þrátt fyrir að leiða megi líkur að því að tiltekið afsláttarfyrirkomulag feli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu er ekki þar með hægt að fullyrða að um brot sé að ræða. Ef markaðsráðandi fyrirtæki sýnir fram á (s.s. með hagfræðigreiningum) að tiltekin háttsemin hafi ekki verið til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á samkeppni verða samkeppnisyfirvöld að framkvæmda ítarlega rannsókn á áhrifum háttseminnar á grundvelli viðurkenndra sjónarmiða. Ef samkeppnisyfirvöld rannsaka áhrif

háttsemin með hliðsjón af prófinu um jafn skilvirkan keppnaut (e. as efficient competitor test) verður að taka tillit til niðurstöðu þess við mat á því hvort háttsemin sé til þess fallin að raska samkeppni.

Dómstóllinn framkvæmdi ítarlegt mat á greiningu framkvæmdastjórnarinnar á eðli hins meinta brots, meðal annars með hliðsjón af gögnum sem Intel lagði fram. Taldi framkvæmdastjórnin að þau gögn væru til þess fallin að skapa vafa eða ágreining um réttmæti niðurstöðu framkvæmdastjórnarinnar. Með vísan til þeirrar ströngu sönnunarbyrði sem hvílir á herðum samkeppnisfirvalda væri ótækt að leggja greiningu framkvæmdastjórnarinnar til grundvallar, og því var nauðsynlegt að ógilda hina áfrýjuðu ákvörðun.

Niðurstaða dómstólsins kann að greiða leiðina fyrir aukna áherslu á mat á áhrifum af háttsemin á samkeppni í stað þess að slík niðurstaða sé gefin vegna eðli hins ætlaða brots. Á það einkum við þegar hið markaðsráðandi fyrirtæki getur sýnt fram á að engin útilokunaráhrif felist í háttsemin þess, með stuðningi við sannreynanleg gögn.

Þá kann niðurstaða dómstólsins að leiða til þess að auknar kröfur verði lagðar á rannsókn og sönnunarfærslu samkeppnisfirvalda í rannsóknum á brotum gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. ■

## Til Úkraínu



Adalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur  
@frettabladid.is

Fáar þjóðir hafa barist jafn hatrammlega fyrir því undanfarna áratugi að fá að vera virkir þátttakendur í alþjóðasamfélaginu og úkraínska þjóðin.

Ekkert er betra fyrir heimsbyggðina en ungt fólk sem þyrstir í lýðræðisleg vinnubrögð, siðferði í stjórnámum og virðingu fyrir mannréttindum. Það er akkúrat í þágu þess sem úkraínsk ungmenni hafa staðið á strætum og torgum borga lands síns undanfarinn aldarfjórðung og hrópað þaðan vonir sínar og drauma um bjarta framtíð.

Evrópa á að taka þessum ungmönnum fagnandi, faðma þau og umvefja. Jafnvel þótt stjórnvöldin í landinu hafi lengst af átt erfitt með að hemja leitni sína í spillingu og mannréttindabrot geta borgararnir sjálfir þráð réttlátt, friðsamt, kærleiksríkt og gott samfélag.

Þetta má ekki síst sjá af málafröðunum hjá Mannréttindadómstól Evrópu en Rússar eiga fjórðung allra dæmdra mála mannréttindadómstólsins á síðasta ári. Úkraína er heldur ekki langt undan á topplistanum.

Þetta ber ekki einungis vott um stöðu mannréttindamála í þessum ríkjum heldur einnig hugarfar borgaranna sem þar búa og viðhorf þeirra til alþjóðastofnana. Til að áfellsdómur verði kveðinn upp í Strassborg þarf ekki bara mannréttindabrot ríkis heldur einnig borgara sem hefur trú á alþjóðastofnunum og þrek til að standa með sjálfum sér þegar ríkið brýtur á honum.


Af þessum ástæðum er fagnaðarefni hve fljótt alþjóðastofnanir hafa brugðist við vegna þeirra mannréttindabrot sem framin eru í Úkraínu. Ekki aðeins öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, sem fundar reyndar stöðugt undir neitunarvaldi Rússa, heldur einnig saksóknari hjá Stríðsglæpádomstólnum í Haag sem hefur framferði Rússa til skoðunar og forseti Mannréttindadómstóls Evrópu sem brást við neyðarkalli Úkraínustjórnar innan sólarhrings og hefur sent rússneskum stjórnvöldum fyrirmæli um að láta strax af mannréttindabrotum gegn almennum borgurum.

Eflaust eru margir þeirrar skoðunar að ekki sé nóg að gert og að Róbert Spano megi sín lítills gagnart óútreiknanlegum Vladímír Pútín.

En þótt það sé ekki á hvers manns færi að afstýra stríði við vitfirring, hlýtur að skipta máli fyrir fólk, sem lýst hefur jafn einlægum vilja til að eiga samband við þjóðir sem byggja á lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum, að finna hve víðtæk samstaða ríkir um hagsmunum þess og mannréttindi. ■

”  
Ekkert er betra fyrir heimsbyggðina en ungt fólk sem þyrstir í lýðræðisleg vinnubrögð, siðferði í stjórnámum og virðingu fyrir mannréttindum.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

## Sjálfsátök

Það getur oft og tíðum verið kátbrostlegt þegar einn og sami maðurinn á í átökum við sjálfan sig, en nýjasta dæmið um háskaleik af þessu tagi er afstaða þingmannsins Guðrúnar Hafsteinsdóttur til hugmyndanna um sölu á hluta í Landsvirkjun. Ekki eru margir dagar frá því haft var eftir henni á forsiðu Fréttablaðsins að tilhlýðilegt væri að selja sosum eins og 30 til 40 prósent hlut í þessu gróðavænlega ríkisfyrirtæki á frjálsum markaði – og þótti það auðvitað tíðindum sæta að sjálfur formaður efnahags- og viðskiptanefndar kæmi fram með bombu af þessu tagi – og vel að merkja, væntanlegur ráðherra í sósíalísku hægristjórn landsins.

## U-beygjan

En auðvitað komu vöflur á nýja þingmanninn þegar allt varð vitlaust á Alþingi vegna þessara snaggaralegu yfirlýsinga. Minnihluti nefndarinnar varð snöggvondur og jós óðara skömmum yfir formanninn sem fékk það að auki óþvegið í opinberri umræðu um málið – og mjög líklega innan eigin þingflokks sem hefur á síðari árum haft meiri áhuga á að þenja báknið út en henda því burt. Og auðvitað endaði þetta svo allt saman með aðsendri grein nýja þingmannsins í Mogga þar sem góldið var loks varhug við því að selja nokkurn skapan hlut úr eignasafni Landsvirkjunar. Þetta eru sko alvöru innri átök – einnar og sömu manneskjunnar. ■

## Ógn við lýðræðið



Oddný G.  
Harðardóttir  
þingmaður Samfylkingarinnar

Í valdatafli nýta aðilar sér upplýsingaóreiðu til að rugla fólk í ríminu, til að veikja andstæðinginn og gera honum erfiðara um vik að verjast. Upplýsingaóreiða og falsfréttir eru alltaf hluti af stærri áætlun þeirra sem hag hafa af útbreiðslunni. Netárásir eru beinar árásir á nauðsynlega innviði samfélaga og geta bæði beinst að opinberum stofnunum og einka-fyrirtækjum.

Netárásir, upplýsingaóreiða og falsfréttir virða engin landamæri. Það er því afar brýnt að þjóðir vinni saman og standi saman gegn þessum ógnum. Við höfum séð skýr dæmi um afleiðingar; kosningar um Brexit, forsetakosningar í Bandaríkjunum árið 2016 og framferði Rússa í aðdraganda innrásar í Úkraínu.

Opin og frjáls lýðræðissamfélög líkt og okkar á Norðurlöndum eru ekki sjálfgefin. En þau eru bestu samfélög í heimi þar sem ríkir meira traust á milli manna en í öðrum löndum. Ein helsta ógn nútímans við samfélög og við lýðræðið í heild eru netárásir og upplýsingaóreiða.

## Fjölmíðlar í lykilhlutverki

Nú sem aldrei fyrr er nauðsynlegt að finna leiðir til að standa vörð um opin og frjáls samfélög og líta á lýðræðið líkt og aðra nauðsynlega innviði sem tryggja þarf órofa virkni. Grípa þarf til varnar fyrir lýðræðið því án virks lýðræðis er samfélagið allt í hættu.

En hvað er til ráða? Menntun skiptir máli. Við þurfum að styrkja almennan þekkingargrundvöll og mennta unga fólk okkar. En við þurfum einnig að mennta allan almenning sem getur dreift falsfréttum án þess að vita hvað að baki þeim býr. Við þurfum að efla tæknikunnáttu og einnig grunnildir norrænna samfélaga.

Ábyrgir fjölmíðlar gegna lykilhlutverki við að greina og sjá í gegnum upplýsingaóreiðu og halda uppi lýðræðislegri umræðu meðal almennings. Bláamenn njóta lagalegrar verndar til að geta gegnt því hlutverki sem best. Árásir á blaðamenn sem sinna því mikilvæga starfi eru í raun árásir á lýðræðið og á frjáls opin samfélög. ■

”  
Grípa þarf til varnar fyrir lýðræðið því án virks lýðræðis er samfélagið allt í hættu.

**MANNAMÁL**  
FIMMTUDAGA KL. 19.00  
OG AFTUR KL. 21.00

HRINGBRAUT

# Þá virðist það loks liggja fyrir að við erum að éta okkur sjálf



**Ole Anton Bieltvedt**  
stofnandi  
Jarðarvina

Oft þarf eitthvað alveg sérstakt að gerast eða koma til, eitthvað, sem rífur okkur upp úr svefni vana og síða – upp úr dásvefni daglegrar rútínu – til að við áttum okkur á eðli hluta og stöðu mála okkar sjálfra og þess umhverfis, sem við lifum í.

Stundum er talað um, og það með réttu, að auga gestsins sé glögg. Gesturinn kemur að umhverfi og atburðum með öðrum hætti, með annarri tilfinningu og sýn, en heimamenn, sem oftast eru njörvaðir í viðjum vanans. Blinda er barn vanans.

Á undanförunum vikum hefur mikið verið fjallað um blóðmerahald hér á Íslandi, en það byggist, eins og flestir vita nú, á því, að blóð er tekið af fylfullum merum, 5 lítrar í einu, 8 sinnum hvert haust, en hver blódtaka virðist jafngilda allt að 20% af blóðmagni hryssu, og það vikulega.

Þetta hefur verið gert hér, vita-skuld með fullri vitund þeirra, sem fyrir blóðtökunni standa og hana framkvæma, líka þeirra stjórnvalda, sem eiga að hafa kríttískt eftirlit með svona starfsemi, þrátt fyrir það, að flestir eða allir fræði- og vísindamenn á þessu sviði telji, að mest megi taka 10% af blóði hryssu á 30 daga fresti, og þrátt fyrir það, að blódtaka af fylfullum merum eða mjólkandi merum sé stranglega bönnuð í Þýskalandi, reyndar í öllum 27 löndum ESB, svo og í Sviss, vegna þess viðkvæma ástands, sem dýrin eru þá í.

Hér á Íslandi er blóð tekið af hryssum, sem mest eru bæði; fylfullar og mjólkandi!

Við þetta bætist svo ofbeldi og meiðingar, sem oft þarf að beita dýrin, til að ná þeim í blódtökubás og negla þær þar, og svo þeir áverkar, sem dýrunum eru reglulega veittir, vikulega um 8 vikna skeið, með hálfis sentímetra breiðri blódtökunál, sem rekin er inn í slagæð dýrsins, og það af eiðsvörðum „dýralæknum“.

Þetta er búið að vera í gangi hér, í um 40 ár, hefur blasað við á tugum bæja, og MAST hefur átt að hafa eftirlit með þessu – að dýravelferð væri tryggð – en nánast enginn hefur tekið eftir þessu, gert eitthvað með þetta, ekki einu sinni MAST, sem fremur hefur borið blak af starfseminni, en hitt; þetta hefur einfaldlega viðgengist afgömlum og „góðum“ vana.

Svo koma gestir, erlend dýraverndunarsamtök, og vekja okkur upp af svefni andvaraleysis og afskiptaleysis, svefni vana og blindu daglegrar rútínu.

Og, hvað gerist þá? Mörgum bregður nú loks í brún; hver fjandinn hefur verið að gerast hér!? Í 40 ár!? Og MAST, sem átti að vita allt um málið og stýra því og kontrollera, biður erlendu dýraverndunarsamtökin að senda sé rannsóknargögn og niðurstöður, til að þau geti kynnt sér málið! Eftir 13 ára eftirlit.

Í raun og veru snýst þessi hugleiðing mín ekki bara um okkur, mannfólkið, heldur, miklu fremur, um dýrin og okkur. Samlífið.

Hestar, blóðmerar, eru auðvitað spendýr, en mannfólkið er líka spendýr. Þó ótrúlegt kunnir að virðast, eru taldar vera um 5.500 tegundir spendýra á jörðinni.

Þessi spendýr eru ólík að formi, gerð og stærð, en eru í grundvallaratriðum öll eins sköpuð; gerð og byggð.

Öll spendýr, ekki bara spendýrið maðurinn, finna fyrir andlegri og líkamlegri vanlíðan og þjáningu, óttast og hræðast, kveljast af meiðslum og áverkum, eins og við, kvíða reyndar líka fyrir, hryggjast, syrgja, hlakka til og gleðjast, allt meira og minna eins og við.

Tilraunir eru gerðar á músum, rottum, kaninum og hundum – oftast reyndar með hræðilegu kvalræði fyrir dýrin, sem sjaldnast lifa tilraunir af – og er árangur og

niðurstöður síðan notaðar fyrir lyfjapróun og nýjar lækningalausnir fyrir mannfólkið.

Þetta sýnir auðvitað og sannar nán tengsl og feikileg líkindi allra spendýra, manna meðtalinna.

Nýjasta dæmið um það, hversu lík öll spendýr og menn eru, er igræðsla hjarta úr svíni í mann, sem virkar.

Í 57 ára gamlan Bandaríkjamann, sem var með lífshættulegan hjarta-sjúkdóm, var í byrjun ársins grætt hjarta úr svíni, sem reyndar hafði

verið eitthvað aðlagð, með genabreytingum, og lifir maðurinn enn, þegar þetta er skrifað. Hjartaigræðsla úr svíni í mann virkar!

Áður hafði það gerzt, að hjartalokur úr svinum höfðu verið græddar í menn, til að laga eða lækna hjartagalla, húð af svinum grædd á brunasár manna, og í einu tilfelli hafði nýra verið grætt í mann.

Þetta sýnir og sannar að við, spendýrin, erum í grunninn öll sköpuð eins, nema, hvað maðurinn er auð-

vitað gráðugri, grimvari og miskunnarlausari, en önnur spendýr. Og, hann einn drepur án þarfar, sér til skemmtunar og gleði, af lægstu hvötum; drápslosta. Önnur spendýr, rándýr, drepa af þörf.

Punkturinn er: Liggur það ekki loks fyrir, að við, menn og önnur spendýr, erum ein stór og margbreytileg fjölskylda, þannig, að þegar við erum að halda, slátra og éta önnur spendýr, erum við, í raun, að éta okkur sjálf!? ■

## Upp með sokkana!

Árlega missum við 320 pabba, afa, bræður, syni og vini úr krabbameinum. Sýndu lit, þekktu einkennin og kaupu sokka til styrktar Krabbameinsfélöginu.



**MOTTUMARS**



Krabbameinsfélagið



[mottumars.is](http://mottumars.is)





FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

MIÐVIKUDAGUR 2. mars 2022



Peir í BTS voru kosnir tónlistarmenn ársins 2021 á amerísku tónlistarverðlauninum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## BTS beint í bíó

elin@frettabladid.is

K-popp sveitin BTS er gríðarlega vinsæl í Asíu og í Bandaríkjunum. Þann 12. mars mun hljómsveitin eiga sögulega stund þegar hún sendir út tónleika í beinni útsendingu frá Seúl, beint í kvikmyndahús um allan heim. Áður hefur BTS sett nokkur heimsmet á YouTube. Hljómsveitin mun halda að minnsta kosti þrenna tónleika í Seúl en aðeins einir þeirra fara í bíóhús. Allir tónleikarnir fara fram í Seoul Olympic Stadium og er miðasala á netinu.

BTS verður líklega fyrst til að halda popptónleika í beinni útsendingu í kvikmyndahúsum. Viðburðurinn, sem nefnist BYB Permission to Dance on Stage – Seoul, mun standa í þrjár klukkustundir. Fluttir verða stærstu smellir bandsins en BTS samanstendur af sjö strákum frá Suður-Kóreu. Síðasta tónleikaferðalag BTS bar sama nafn og tónleikarnir sem verða sýndir í kvikmyndahúsum. Uppselt var á ferna tónleika í Los Angeles þar sem 813 þúsund áhorfendur fylgdust með á staðnum og í streymi.

### Gríðarlega vinsælt strákaband

Í október var hljómsveitin efst á Billboard-vinsældalistanum í Bandaríkjunum með lagið My Universe sem var samstarfsverkefni með Coldplay og er vel þekkt hér á landi. Þegar BTS kynnti lagið sitt Dynamite á YouTube í ágúst 2020 horfði 101,1 milljón manns á þá á aðeins einum degi. ■

# Eitt mikilvægasta lýðheilsuverkefni hvers samfélags

Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði, rannsakar ásamt samstarfsfólki afleiðingar eineltis á börn og unglínga en það getur haft mikil og langvinn áhrif á líðan og lífshlaup þeirra síðar á lífsleiðinni. **2**



„Okkar von er að niðurstöður rannsókna muni auka skilning á útbreiðslu og ástæðum eineltis og styrkja um leið forvarnarstarf hér á landi,“ segir Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við Heilbrigðissvið Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS

**ALOE VERA**  
MELTING & BÓLGUR



85%  
VIRKT  
CURCUMIN

[www.celsus.is](http://www.celsus.is)



Starri Freyr  
Jónsson  
starri  
@frettabladid.is

Rannsóknir Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors í félagsfræði við Heilbrigðisvið Háskóla Íslands, og rannsóknarhóps hans benda til þess að töluvert hafi dregið úr einelti meðal íslenskra grunnskólanema á undanförunum árum og að Ísland sé meðal þeirra Evrópulanda þar sem einelti er hvað minnst. „Ástæða þess að ég hef ásamt samstarfsfólki mínu beint athygli að einelti meðal barna og ungmenna eru hin miklu og langvinnu áhrif sem einelti getur haft á liðan og lífshlaup einstaklinga. Áföll og erfiðleikar sem einstaklingar verða fyrir á ungum aldri hafa að jafnaði viðtækari afleiðingar en sams konar mótlæti síðar á ævinni. Okkar von er að niðurstöður rannsókna muni auka skilning á útbreiðslu og ástæðum eineltis og styrkja um leið forvarnarstarf hér á landi.“

Auk Rúnars skipta rannsóknarhópin um einelti þau Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði, og sænsku háskóla-kennararnir Pernilla Garmy prófessor og Erika Hansson dósent.

### Einelti tengt valdaójafnvægi

Rúnar segir mikinn fjölda erlendra rannsókna hafa kannað umfang og mögulegar afleiðingar eineltis meðal skólabarna. „Einnig hafa verið gerðar athuganir á einelti í grunnskólum hér á landi. Ég og samstarfsfólk mitt vildum kanna þessi mál nánar með nýjum gögnum hérlendis, byggðum á landsúrtaki grunnskólanema í 6., 8. og 10. bekk.“

Hópurinn kannaði útbreiðslu eineltis í einstökum hópum grunnskólanema og einnig ýmis neikvæð tengsl eineltisins við liðan, heilsu og lyfjanotkun nemendanna. „Með einelti er átt við endurtekna ágenga hegðun sem beint er gegn einstaklingi og er ætlað að niðurlægja hann, ögra honum og ógna, eða skaða á annan hátt. Einelti tengist yfirleitt valdaójafnvægi þar sem gerandi tekur einhvern fyrir sem er minni máttar, og er gerandinn þá ýmist einn að verki eða í hópi gerenda. Ósjaldan fylgja einnig með vitni og óbeinir þátttakendur sem ýmist kynda undir eineltinu eða ljá því þegjandi samþykki.“

### Staða grunnskólanna flókin

Hann segir að á hverjum tíma megi áætla að milli 5 og 6 prósent íslenskra nemenda í efri bekkjum grunnskóla verði fyrir einelti. „En þetta eru þó ekki tölur sem við sættum okkur við. Ef miðað er við tölur gætu 1.200 til 1.400 nemendur í 6. til 10. bekk sætt einelti á hverjum tíma. Í þessu efni ættum við að segja að hver nemandi



„Í þessu efni ættum við að segja að hver nemandi sem verður fyrir einelti sé einum nemanda of mikið,“ segir Rúnar Vilhjálmsson prófessor.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Polendur eineltis greina oft en aðrir frá þunglyndiseinkennum og meta heilsu sína og lífsánægju mun lakar en aðrir. Athygli vekur einnig mikil verkjalyfjanotkun þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Í þessum málum veltur mikið á góðu samstarfi kennara, nemenda, foreldra og heilsugæslu.

sem verður fyrir einelti sé einum nemanda of mikið.“

Staða grunnskólanna, þegar kemur að einelti og úrlausnum, sé þó nokkuð flókin. „Grunnskólarnir eru í mótsagnarkenndri stöðu. Þeir eiga að vera miðstöð fræðslu og mótunar einstaklinga til sjálfstæðis og virkrar þátttöku í þessu samfélagi, en eru um leið helsti vettvangur þess eineltis sem fram fer í hópi barna og ungmenna í samfélaginu, eineltis sem brýtur einstaklinga niður og skerðir lífsgæði þeirra og samfélagsþátttöku.“

**Afleiðingar eineltis margvíslegar**  
Rúnar segir athuganir hópsins sýna að piltar og stúlkur verði álíka oft polendur eineltis. „Hins vegar verða yngri nemendurnir oftast fyrir einelti en elstu nemendurnir. Einnig kemur í ljós að nemendur í fjölskyldum með lakari efnahagslega stöðu verða frekar fyrir einelti en aðrir, og sömu sögu er að segja um nemendur sem búa með einstæðu foreldri eða stjúppforeldri samanborið við nemendur sem búa með báðum kynforeldrum. Loks verða nemendur af erlendum uppruna frekar fyrir einelti en nemendur af innlendum uppruna.“

Rannsóknarhópurinn hefur einnig kannað tengsl eineltisins

við mögulegar afleiðingar og segir Rúnar þau vera margvísleg. „Polendur eineltis greina oft en aðrir frá þunglyndiseinkennum, fá oftast svimaköst, finna oftast til líkamlegra verkja, leita oftast til heilbrigðisþjónustunnar vegna áverka, eiga oftast í erfiðleikum með svefn á nóttunni og meta heilsu sína og lífsánægju mun lakar en aðrir. Athygli vekur einnig mikil verkjalyfjanotkun þeirra.“

### Góður árangur undanfarið ár

Í forvarnar- og meðferðarstarfi gegn einelti og afleiðingum þess hafa Íslendingar náð verulegum árangri á undanförunum árum að sögn Rúnars. Nefnir hann þar meðal annars að íslenskir grunnskólar hafa sett sér eineltisáætlanir sem ætlað er að fræða um einelti, stuðla að hlýju og alúð í samfélagi grunnskólans, setja ramma gegn ólíðandi hegðun, beita viðurlögum við brotum á hegðun og sýna myndugleik þar sem hinir fullorönu eru góðar fyrirmyndir. „Þetta er í samræmi við 7. grein reglugerðar mennta- og menningarmálaráðuneytisins nr. 1040 frá 2011, en þar segir að skólar skuli setja sér „aðgerðaáætlun gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun til að takast á við eineltismál í skólanum.“

### Mikilvægt lýðheilsuverkefni

Áætlanir eru þó aldrei nóg, segir Rúnar. Þeim þarf að fylgja eftir með fræðslu, eftirliti, stuðningi og snemmbærum inngrípum í samstarfi nemenda, kennara, foreldra og skólahjúkrunarfræðinga. „Hér hafa félagasamtök og fagfólk á þessu sviði utan skólanna reynst þeim vel og hafa hvatt þá og aðstoðað í eineltismálum. En betur má ef duga skal. Fylgja þarf eftir fræðslu til nemenda og foreldra og efla hana enn frekar. Greina þarf sem fyrst merki um einelti og afleiðingar þess í skólanum. Einnig merki um einelti með rætur utan skólanna, þar á meðal neteinelti sem greinist oft síðar og er oft erfiðara viðfangs en einelti í raunheiminum. Í þessum málum veltur mikið á góðu samstarfi kennara, nemenda, foreldra og heilsugæslu. Hafa verður í huga að vinna gegn einelti og afleiðingum þess meðal barna og ungmenna er eitt mikilvægasta lýðheilsuverkefni hvers samfélags.“

Samstarfshópur Rúnars hefur þegar birt niðurstöður rannsókna á einelti í erlendum vísindaritum og á fræðabingum, en hópurinn heldur áfram að rannsaka þetta viðfangsefni. ■

## SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Þjáist af liðverkjum?

Viðkvæmt ónæmiskerfi? - Of hárl blóðþrýstingur?



Arctic Star sæbjúgnahylki eru framleidd úr íslenskum sæbjúgum sem eru með:

- Hátt próteininnihald
- Lágt fituinnihald
- Fjölbreytar aminosýrur
- Taurín
- Chondroitín sulfát
- Peptíð
- Vítamín og steinefni.

### ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,

Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fast á [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Arctic Star Sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is

info@arcticstar.is - [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgafandi: Torg ehf. Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.





# Madshus gönguskíðin þín fást í GG Sport!

**20%**  
afsláttur af  
gönguskíða-  
pökkum!

**GG**  **SPORT**

**Stingum af ...**

Fæst einnig í:

Ellingsen  
Granda

Ísfell verslun  
Húsavík

Útisport  
Akureyri

 @ggsport.is  @gg\_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18 Laugardagar 11-15

# Hef sjaldan þrjónað jafn mikið

Pálína Sigurlaug Jónsdóttir hóf að taka inn túrmerik- og fjallagrasablönduna frá ICEHERBS á síðasta ári. Hún segir áhrifin hafa verið gífurlega jákvæð og hyggst taka hana inn um ókomna framtíð.

Pálína er 73 ára ellilífeyrisþegi og starfaði sem sjúkraliði. „Ég hætti að vinna fyrir tíu árum vegna slit- og vefjagigtar. Ég hef verið að prufa ýmis efni sem hafa dugað misvel en ég er með virkilegt ofnæmi fyrir rækjuskel svo ég get ekki tekið inn hvað sem er. Það var svo systir mín sem benti mér á vöruna í október síðastliðnum.“

## Ákvað að slá til

Pálína segir þetta hafa verið sín fyrstu kynni af túrmerik. „Eftir að systir mín benti mér á þetta fór ég að lesa mér til um túrmerik og sá að það var bólgueyðandi. Ég ákvað því að slá til.“

ICEHERBS býður upp á tvær gerðir túrmerikblandna. Önnur er sterkari og inniheldur svartan pipar sem eykur upptöku túrmeriks margfalt en hin er mildari og inniheldur túrmerik ásamt fjallagrösom og er það blandan sem Pálína tekur inn. „Ég tek blönduna sem er með fjallagrösom þar sem ég er með ofnæmi fyrir svörtum pipar. Þetta eru tvö hylki sem ég tek inn á morgnana.“

Pálína segir ávinninginn af blöndunni hafa verið gríðarlegan og fjölskylda hennar nýtur ekki síður góðs af. „Ég er með slit- og vefjagigt í höndum og fingrum og þetta virkar andskoti vel á mig. Ég þrjónað mikið eða reyni það og eftir að ég fór að taka þetta inn þá hef ég sjaldan þrjónað jafn mikið. Ég er búin að vera að þrjóna á fullorðin barnabörn og maka þeirra og það



eru allir ákaflega ánægðir með það sem þeir hafa fengið.“

## Tengdadóttirin himinlifandi

Pálína lofar vöruna og greinir frá því að blandan hafi enn fremur haft jákvæð áhrif á fjölskyldumeðlimi sína. „Ég mæli alveg hiklaust með þessari vöru. Tengdadóttir mín og sonur eru líka farin að taka þetta inn en hún er líka vefjagigtarsjúklingur sem labbar mjög mikið eða um 10-15 kílómetra á dag. Hún tekur inn sterkari blönduna sem er með svörtum pipar, ásamt með rauðrófuhylkjunum og magnesíum frá

ICEHERBS og þetta heldur henni gjörsamlega gangandi.“

## Árangursríkar blöndur

Túrmerik hefur verið notað í þúsundir ára til þess að vinna gegn ýmsum bólgum og sjúkdómum en virka efnið, kúrkúmin, hefur sterk bólgueyðandi og andoxandi áhrif. Meðal kvilla sem túrmerik hefur reynst vel gegn má nefna gulu, uppþembu og vindgang ásamt því að það getur lækkað blóðfitu og blóðsykur.

Þá hafa bólgueyðandi eiginleikar túrmeriks gefið sérstaklega góða raun gegn gigtarsjúk-

dómum og liðverkjum auk þess sem það örvar blóðflæði og hefur góð áhrif á húðvandamál og sár.

Í sterku blöndunni er svartur pipar sem margfaldar upptöku túrmeriks en einnig er í boði mildari blanda fyrir þá sem ekki þola pipar. Báðar blöndurnar innihalda fjallagrös en virkni þeirrar lækningarjurtar hefur gefið henni viðurnefnið ginseng Íslands. Í fjallagrösom er að finna svokallaðar betaglúkántrefjar sem eru taldar aðstoða við þyngdartap, draga úr þjúg, bæta meltingu og styrkja þarmana, sér í lagi ristilinn. Þau hafa meðal annars reynst

Pálína er alsæl með túrmerik-blönduna frá ICEHERBS sem hún segir hafa reynst vel gegn slit- og vefjagigt í höndum og fingrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
AUBUNN



árangursrík gegn slímmyndun og óæskilegum bakteríum.

Fjallagrösinn gera ICEHERBS-blönduna að ofurböndu en þau hafa öldum saman verið notuð sem náttúruleg og viðurkennd lækningajurt á Íslandi. Þau eru rík að steinefnum og eru talin auka skilvirgni í upptöku næringarefna sem gera bæði innihaldsefnin sterkari saman.

## Íslensk og kröftug bætiefni

ICEHERBS er íslenskt fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni. Lögð er gríðarleg áhersla á að vörur ICEHERBS nýtist viðskiptavinum vel, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Gríðarleg áhersla er lögð á að vörurnar innihaldi engin óþarfa fylliefni og eru vörurnar framleiddar hér á landi. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Sjá nánar á iceherbs.is.

# Góður félagsskapur lengir lífið

Félagsleg tengsl eru flestu fólki mikilvæg. Það ætti því ekki að koma á óvart að sterk félagsleg tengsl bæta andlega heilsu. Einnig hefur verið sýnt fram á tengsl milli félagslegrar virkni og þess að ná harri elli.

sandragudrun@frettabladid.is

Flest vitum við að félagsleg tengsl eru mikilvæg fyrir andlega heilsu okkar. Að njóta náinna félagslegra tengsla við vini, maka eða fjölskyldu á yngri árum getur aukið lífshamingju okkar á efri árum, glatt okkur og bætt lífsánægju okkar til lengri tíma lítið, samkvæmt niðurstöðum rannsókna. Þau sem eiga nána vini á unglingsárum eru ekki bara ánægðir unglingar. Þau eru einnig ólíklegri til að glíma við þunglyndi og kvíða síðar á ævinni.

Rannsókn sem birt var árið 2016 og var leidd af doktor Denis Gerstorff við Humboldt-háskóla í Berlín leiddi í ljós að eldri borgarar sem lifa félagslega virku lífi og hafa félagsleg markmið í forgangi njóta meiri ánægju á efri árum en aðrir.

Í rannsókninni voru gögn frá 2.900 einstaklingum skoðuð sem náðu yfir síðustu 2-4 árin í lífi þeirra. Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með líf sitt almennt, hversu mikið þeir tækju þátt í félagslegum athöfnum, hversu mikilvæg félagslegar athafnir væru þeim og hversu mikils þeir mætu hjónaband sitt eða samband sitt við börnin sín.



Rannsóknir hafa sýnt jákvæða fylgni á milli félagslegrar virkni og þess að ná háum aldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Greining á svörum leiddi í ljós að fylgni var á milli þess að hafa félagsleg markmið og ánægju í lífinu á efri árum, en það var ekki fylgni á milli ánægju og fjölskyldu-markmiða. Þessi tengsl milli félagslegra markmiða voru óháð aldrí við dauða, kyni, menntun og heilsu.

Rannsakendur veltu því fyrir sér hvort ástæðan fyrir þessum niðurstöðum væri sú að þegar fólk

er félagslega virkt á síðustu árum lífs síns þá krefst það um leið meiri líkamlegrar og andlegrar virkni. En að ástæðan fyrir að tengsl við fjölskyldu hafi ekki sömu áhrif sé mögulega sú að slík tengsl eru yfirleitt mun flóknari.

## Félagstengsl lykillinn í lífinu

Visindamenn sem hafa rannsakað svæði í heiminum þar sem fólk nær mjög harri elli en viðheldur sam-

tímis góðri heilsu og vitsmunum, hafa orðið þess varir að þættir sem tengjast mataræði og lífsstíl eru mjög ólíkir milli svæða, en fólk á öllum svæðum á það sameiginlegt að vera mjög félagslega virkt.

Doktor Archelle Georgiou rannsakaði fólk sem náð hefur mjög harri elli á einangruðu eyjunni Ikaria á Grikklandi. Hún tók eftir því að fólkið var stöðugt umkringgt fjölskyldu, nágroñnum og öðrum

» Fólkið á eyjunni kom saman á næstum hverju kvöldi til að slaka á og losa sig við áhyggjur dagsins.

meðlimum samfélags síns og að það studdi hvert annað. Fólkið á eyjunni kom saman á næstum hverju kvöldi til að slaka á og losa sig við áhyggjur dagsins.

Að sama skapi sáu rithöfundar sem tóku viðtöl við íbúa þorpsins Ogimi í Japan, sem náð höfðu 110 ára aldri, að það að vera félagslega tengdur var lykillinn í lífi þessa fólks.

Að vera félagslega virk getur þó ekki eitt og sér tryggt að við náum hærri elli. Það ætti flestum að vera ljóst. Við getum heldur ekki verið félagslega virk öllum stundum. Það getur líka verið gott að njóta eigin félagsskapar og fólk hefur mismikla þörf fyrir einveru.

Hins vegar getur samvera við fólk, hvort sem það eru nánir vinir okkar eða nýir kunningjar, hjálpað okkur að komast aðeins frá eigin hugsunum og öðlast viðari sýn á heiminn. Það að vera hamingju-söm og læra að njóta lífsins er eitt-hvað sem flest fólk sækist eftir og því er um að gera að taka upp tólið, hringja í gamlan vin og styrkja félagsleg tengsl. ■

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allra virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

### Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Málarar

#### REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

#### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Dyrasímakerfi 777 4944  
Rafendameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

**RÚNAR MÚRARI EHF**  
S 774-3800  
HÚSAVIÐGERÐIR  
MÚRVIÐGERÐIR  
STEYPUVIÐGERÐIR  
ENDURHRAUNA  
TRÖPPUVIÐGERÐIR  
MÁLNINGARVINNA  
PAKMÁLUN  
FLÍSLAGNIR  
o.m.fl.  
10 ára reynsla í utanhúsviðhaldi  
Tilboð þér að kostnaðarlausu  
<https://runarmurari.is/>  
runarmurari@gmail.com  
VSK 135577

## Keypt & Selt

### Til sölu

### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



### Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

**Mobility.is**  
Hjól og hjálpartæki, sala og leiga

## Heilsa

### Heilsuvörur



## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500



## Lýsing deiliskipulagsverkefnis í Breiðadal, Öundurfirði, Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur heimilt að skipulagslýsing verði auglýst skv. 40 gr. skipulagslaga.

Áformin skiptast á tvö deiliskipulagssvæði, annars vegar fyrir Selakirkjuból 2-4 og hins vegar fyrir Breiðadal Neðri 4 og Breiðadal 2 Innsta Bæ.

Landeigendur áforma byggingu frístundahúsa á jörðunum Selakirkjubóli 2-4 (L141050), Breiðadal Neðri 4 (L141041) og Breiðadal 2 Innsta Bæ (L141038) í Öundurfirði. Gert er ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á hverri jörð, samtals níu hús.

Lýsingin er á heimasíðu Ísafjarðarbæjar [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Ábendingar varðandi tillögugerðina skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa fyrir **14. apríl 2022** á skipulag@isafjordur.is

*Virðingarfyllt,  
f.h. skipulagsfulltrúa  
Helga Puríður Magnúsdóttir  
-verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði*

# Einingahillur í kæla og frysta -30°C +75°C



- Stækkanlegar einingahillur inn á kæla og frysta
- Anodiserað ál og Polypropylene
- Kerfið passar fyrir Gastrobakka
- Mjög einfalt að setja upp og breyta

**pujadas**  
A VOLLRATH® COMPANY

PROFESSIONAL COOKWARE



## GEFÐU VATN

[gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is)  
907 2003

Hjálparstarfi kirkjunnar

**job**



Erum við að leita að þér?

## Atvinnublaðið

— Best lesna atvinnublað Íslands —



## FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:  
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Anna Rut Kristinsdóttir, annarut@frettabladid.is



**VERSLUNARTÆKNI**  
[www.verslun.is](http://www.verslun.is)



**geiri**  
[www.geirihf.is](http://www.geirihf.is)

**STÓRELDHÚS**  
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

**Stráumur**  
...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - [verslun@verslun.is](mailto:verslun@verslun.is)



Ronaldo í leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Efast um Ronaldo

hoddi@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Í gegnum tíðina hefur enginn efast um Cristiano Ronaldo sem knattspyrnumann en undanfarnar vikur hefur borið á því. Þannig er sagt frá því í enskum blöðum að Ralf Rangnick, knattspyrnustjóri Manchester United, sé byrjaður að efast um Ronaldo og hæfni hans til þess að leiða sóknarlínu liðsins.

Ronaldo hefur skorað eitt mark í síðustu tíu leikjum sínum hjá United en hefur samt sem áður haldið sæti sínu undir stjórn Rangnick. Staðarblaðið í Manchester fjallar um þetta og segir að þolinmæði þýska stjórans sé nánast á þrotum, vandamálið er hins vegar að United hefur fáa aðra kosti. Félagið ákvað að losa sig við Anthony Martial í janúar, Mason Greenwood er grundaður um gróft ofbeldi gagnvart fyrrum unnustu sinni og þá er Edinson Cavani oft á tíðum meiddur sem eykur álagið á 37 ára Ronaldo. ■



Elliott og blysið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Elliott litli leggur blysið á hilluna

hoddi@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Jurgen Klopp, stjóri Liverpool, hefur lofað því að Harvey Elliott, leikmaður félagsins, muni ekki fagna með blysi aftur. Þessi 18 ára gamli piltur fékk blysjá hjá stuðningsmanni Liverpool til að fagna sigri í deildarbikarum á sunnudag.

Enska knattspyrnusambandið hefur tekið Elliott á teppi fyrir að fagna sigri liðsins með þessum hætti. „Ég get lofað því að hann gerir þetta ekki aftur. Er þetta það versta sem við höfum séð gerast í heimi fótboldans? Nei,“ sagði hinn geðþekki þýski stjóri en Liverpool vann sigur á Chelsea í vítaspyrnukeppni í úrslitaleiknum. ■

# Rússar fá rautt spjald í heimi íþróttar

Íþróttasambönd hafa sagt skilið við Rússa í kjölfar stríðsbróts þeirra yfir til nágretta sinna í Úkraínu. UEFA hefur fært úrslitaleik Meistaradeildarinnar frá Sankti Pétursborg og FIFA hefur útilokað Rússa frá HM í Katar. Meira að segja litla Ísland hefur mótmælt.

benediktboas@frettabladid.is

**ÍPRÓTTIR** Knattspyrnusamband Íslands hefur ákveðið að íslensk landslið muni ekki leika gegn landsliðum frá Rússlandi og ekki spila í Hvíta-Rússlandi í leik sem átti að fara fram í apríl. KSÍ bætist þar með hóp landa sem hafa mótmælt stríðsrekstri Rússa gegn Úkraínu.

Rússneskt íþróttafolk hefur verið gert afturreka eftir að stríðið hófst í austri. Þannig mælti Alþjóðaólympíu nefndin með því að íþróttamenn frá Rússlandi og Hvíta-Rússlandi yrðu útilokaðir frá alþjóðlegum íþróttakeppnum.

Rússneskir knattspyrnumenn munu ekki taka þátt í HM í Katar og afar ólíklegt er að rússneska kvinnalandsliðið spili á EM í sumar á Englandi.

UEFA tók úrslitaleik Meistaradeildarinnar af Sankti Pétursborg og færði hann til Parísar.

Fastlega er búist við að Rússar og Hvítússar fái ekki að taka þátt í Vetrarólympíuleikum fatlaðra sem hefjast í Beijing í vikunni.

Þá tilkynnti Alþjóðaishokkísambandið að HM ungmenna færi ekki fram í Síberíu eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Finnar vilja að sambandið gangi lengra og taki HM á Rússlandi sem fara á fram í mai.

Alþjóðarúgbýsambandið hefur bannað Rússum að taka frekar þátt fyrir HM í Frakklandi sem fram fer á næsta ári. Þar eru Rússar í fimmta sæti og konunum hefur verið bannað að taka þátt á HM í Suður-Afríku sem fram fer síðar á þessu ári.

Þá verður enginn Formúlu-kappakstur í Rússlandi og Alþjóðaskíðasambandið hefur flautað af eða fært fimm viðburði sem áttu að fara fram í Rússlandi. Alþjóðaskáksambandið hefur ákveðið að færa FIDE-skákþingið og undanúrslitunum í vatnapóló sem áttu að fara fram um helgina hefur verið slegið á frest.

Það eru þó ekki allir að snúa baki við Rússum vegna stríðsins. Alþjóðablaksambandið ætlar að halda HM í Rússlandi í ágúst. Þeirri ákvörðun verður ekki breytt.

### Ekki í fyrsta sinn

Rússar eru ekki fyrsta þjóðin sem fær rauða spjaldið frá fótboldasambandinum. Þjóðverjar og Japanir fengu ekki að taka þátt í HM árið 1950 vegna framgöngu sinnar í heimsstyrjöldinni síðari.



Cafu dregur Ísland upp úr hattinum fyrir Heimsmeistaramótið í Rússlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Falleg stund á Goodison Park í Bítlaborginni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Úr leik Íslands og Rússa í körfubolta. Tryggvi Snær í baráttu undir körfunni.



Samstaða með Úkraínu var á Wembley á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Alþjóðablaksambandið ætlar að halda HM í Rússlandi í ágúst. Þeirri ákvörðun verður ekki breytt.**

Suður-Afríka var útilokuð frá alþjóðlegri knattspyrnu til ársins 1990 vegna aðskilnaðarstefnu sinnar. Mexíkóar fengu ekki að taka þátt árið 1990 fyrir að hafa notað eldri leikmenn á HM ungmenna árinu áður og Chile fékk rauða spjaldið árið 1994 fyrir svindl.

Þá þóttist markvörðurinn Roberto Rojas meiða sig alvarlega þegar blysjá lenti skammt frá honum. Þegar myndbönd voru skoðuð kom í ljós að Rojas var með rakvélblöð í markmannshönskunum og skar sig í framan. ■

# Jón Arnór og Þróttarar ósáttir við borgarstjóra

benediktboas@frettabladid.is

**ÍPRÓTTIR** Þróttarar eru verulega ósáttir við Dag B. Eggertsson og borgarstjórn hans og skrifa ítarlega grein um það á vefsínum sem birtist í gær. Félagið telur það hafa verið svikið um loforð um uppbyggingu í Laugardalnum. Jón Arnór Stefánsson, einn besti körfuboltamaður landsins, bætti um betur og skrifaði harðorðan pistil á fréttavefinn Vísi.

Áköll eru um uppbyggingu í Laugardalnum en það er ekki bara Þróttur sem fer fram á slíkt. Laugar-

dalshöllin sem hýsir landsleiki í körfu og handbolta er ónothæf og þá er hugað að uppbyggingu Laugardalsvallar sem hýsir karlalandsliðið í fótbolda.

„Það kom því fulltrúum íþróttafélaganna í Laugardal verulega á óvart að sjá tillögur borgarstjóra nýverið um uppbyggingu íþróttamannvirkja í dalnum þar sem bygging þjóðarhallar er fyrsti kostur en horfið frá byggingu íþróttahúss fyrir íþróttafélög og skóla sem þjóna eiga börnum og unglíngum. Þessar tillögur ganga



Jón Arnór Stefánsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

þvert gegn áherslu fyrrnefndrar viljayfirlýsingar og taka með engu móti tillit til brýnnar þarfar á nýju íþróttahúsi í hverfinu. Óhætt er að fullyrða að þessar nýju tillögur séu í andstöðu við skýran vilja íbúa hverfisins og geri samráð og samstarf fulltrúa borgarinnar og íþróttafélaganna undanfarin mörg ár að engu,“ segir í yfirlýsingu frá aðalstjórn Þróttar.

Telur aðalstjórn Þróttar að sá hluti viljayfirlýsingarinnar sem fjallar um byggingu íþróttahúss sé fallinn um sjálfan sig, enda hafi

borgin ekki staðið við nein þau tímamörk sem í yfirlýsingunni voru tilgreind.

Jón Arnór benti á að Laugardalurinn, sem er stærsta uppbyggingsverkið í dag, væri eina borgarverkið þar sem íþróttahús vantar fyrir íþróttafélögin sem þar halda úti starfsemi. Hann spyr einfaldrar spurningar. „Stendur til að byggja fjölnota íþróttahús fyrir íþróttafélögin í hverfinu, eða er Degi og félögum alveg sama um íþróttaiðkendur hverfisfélaga Laugardalsins?“ skrifar Jón. ■

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar eftirfarandi tillögur deiliskipulagsáætlanna.

### 1. Deiliskipulagsbreyting - Engjaland 2-4

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu að Engjalandi 2 og 4 Selfossi. Breytingin felur í sér hækkun húsa um eina hæð þannig að heimilt verði að byggja 4. hæða hús í stað 3. hæða á lóðunum. Einnig er óskað eftir fjölgun íbúða á hvorri lóð um 2 íbúðir. Megin ástæða hækkunar er að gert verður ráð fyrir að koma fyrir bilageymslum á hluta af 1. hæð húsanna.

### 2. Deiliskipulagsbreyting – Íþrótt- og útivistarsvæði - Frístundamiðstöð

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu á íþrótt- og útivistarsvæði Selfoss v. fyrirhugaðrar byggingar frístundamiðstöðvar. Grunnhugmynd sveitarfélagsins er að búa til aðstöðu og umhverfi til að bæta frístundabjónustu við íbúa og bjóða upp á enn fjölbreyttari möguleika en standa nú til boða. Með byggingu frístundamiðstöðvar verður til aðstaða fyrir frístundastarf án aðgreiningar, þar sem mismunandi hópar barna og fullorðinna koma saman og veita hvort öðru stuðning og fræðslu. Deiliskipulagsbreytingin gerir m.a. ráð fyrir að komið verði fyrir byggingarreit undir byggingu nýrrar frístundamiðstöðvar ásamt því að gera grein fyrir aðkomu að henni.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá **02.03.2022 til og með 13.04.2022**. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til **13.04.2022**.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið [skipulag@arborg.is](mailto:skipulag@arborg.is)

Virðingarfyllt,  
Anton Kári Halldórsson  
skipulagsfulltrúi

## Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi og tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

### KR svæðið - Frostaskjól 2-6

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. febrúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir KR svæðið. Í tillögunni felast markmið um að bæta aðstöðu KR til íþróttar og félagsstarfsemi með byggingu íþróttar og þjónustubygginga. Auk þess eru áform um að auka fjölbreytni svæðisins með byggingu íbúða á jöðrum lóðarinnar í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

### Háaleitisbraut 1

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. febrúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Háaleitisbraut 1. Í breytingunni felst að í stað skrifstofuhúsnæðis í suðaustur hluta lóðarinnar kemur nýtt íbúðarhús með 27 íbúðum. Íbúðir á reitnum verða því samtals 74. Bíla- og hjólastæðakröfur breytast m.t.t. fjölda íbúða og núverandi byggingar, Valhallar, en skilgreiningar per íbúð/fm. helst óbreytt, ásamt því að byggingarmagn eykst óverulega. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Geirsgata 9

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. febrúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Slippa- og Ellingsen reits vegna lóðarinnar nr. 9 við Geirsgötu. Í breytingunni felst að skipulagssvæði Vesturbugtar er stækkað þannig að Geirsgata 9 verði hluti af reit 8 á skipulagssvæðinu ásamt því að gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit í anda verbúðanna við Geirsgötu 3-7. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vesturbæjarsundlaug

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. febrúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar. Í breytingunni felst að lóðarmörk við Einimel 18-26 eru færð út sem nemur 3,1 m og minnkar lóð Vesturbæjarlaugar sem því nemur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hlemmur, reitur 1.240, Umferðarskipulag

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. janúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlemmur og nágrenni, deiliskipulag stgr. 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag, sem samþykkt var 19. mars 2020 í borgarráði og tók gildi við birtingu auglýsingar í B deild Stjórnartíðinda þann 7. apríl 2020. Í breytingunni felst að greinargerð deiliskipulagsins er uppfærð í samræmi við þessa breytingartillögu og fyrri breytingu, dags. 25. janúar 2021. Deiliskipulagið er samræmt við nýsamþykkt Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Lóðarmörkum Laugavegs nr. 107 er breytt þannig að lóðin nær eingöngu utan um núverandi hús (Hlemmur mathöll) ásamt byggingarreit A (viðbygging). Premur nýjum lóðum er bætt inn á torgsvæðið, tvær lóðir utan um byggingarreit C og D auk þess að stofnuð er lóð fyrir dreifistöð rafveitu við Þverholt. Byggingareitir C og D, þar með lóðir þeirra, færðir í sundur. Bætt er við byggingareitum fyrir sorpskýli á borgarlandi og sérskilmálum um nýtingu. Byggingarreit E fyrir djúpgáma er felldur út. Reitur undir hjólaskýli, H, á norðurhluta Rauðarárstíg stækkaður. Skerpt er á sérskilmálum byggingareita og nú lóða til að endurspeglar frekar tillögu hönnuða Hlemmtorgs. Sérými almenningsgangna og hjólastígum á Hverfisgötu er hliðrað lítillaga til að koma lóðum betur fyrir. Breyttir skilmálar fyrir setsvæði og svið. Reitur biðstöðvarsvæðis almenningsgangna breytt í byggingareit og reitur stækkaður til austurs. Bætt er við frekari upplýsingum um stöðu fornleifa á svæðinu. Byggingareit R+H við Þverholt breytt í reit R2 fyrir veitumannvirki og tækniþúnað og ný lóð, Laugavegur nr. 122, stofnuð undir reitinn. Bætt er við byggingareit fyrir almenningsalerni norðan við Hlemm, Laugaveg nr. 107. Bætt er við umfjöllun um samræmi við frumdragaskýrslu Borgarlínu lotu 1. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **2. mars 2022 til og með 13. apríl 2022**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 13. apríl 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 2. mars 2022  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



# Fyrirtæki ársins 2021



HAGVANGUR

## Merkisatburðir

- 1476** Orrustan við Grandson þar sem Karl djarfi biður ósigur fyrir svissnesku ríkjunum.
- 1917** Nikulás 2. Rússakeisari segir af sér embætti.
- 1940** Togarinn Skutull frá Ísafirði verður fyrir árs þýskrar herflugvélar við Bretland. Þetta er fyrsta árásin á íslenskt skip í seinni heimsstyrjöldinni.
- 1956** Bandarísk herflutningaflugvél ferst með sautján mönnum djúpt út af Reykjanesi.
- 1957** Heilsuverndarstöðin í Reykjavík er vígð eftir að hafa verið sjö ár í byggingu. Fyrsta deild hennar hóf starfsemi 1953.
- 1969** Fyrsta tilraunaflug Concorde-þotu fer fram í Toulouse í Frakklandi.
- 1978** Skemmti- staðurinn Hollywood er opnaður í Ármúla í Reykjavík.
- 1993** Nick Leeson er handtekinn fyrir sinn þátt í því að koll- steypa Barings- bankanum.



Við opnun voru sex sýningarsalir í Bióhöllinni og rúmaði hún alls 1.025 gesti.

MYND/ADSEND

## Bióveldi fagnar fjörutíu árum

Sambíóin fagna fjörutíu ára afmæli í dag. Framkvæmdastjóri Samfilm segir eitthvað sérstakt við sálina í Alfabakkanum.

arnartomas@frettabladid.is

Það var þann 2. mars 1982 sem Bióhöllin í Mjóddinni var opnuð með pomp og prakt. Árni Samúelsson eigandi sagði í viðtali við Morgunblaðið að hann hefði opnað öll sín fyrirtæki 2. mars og hefði það gefist vel. Opnun Bióhallarinnar markaði upphaf Sambíóanna sem fagna þar með fjörutíu ára afmæli sínu í dag.

„Þótt Alfabakkinn sé ansi gamall gefur hann hinum bíóunum í bænum ekkert eftir í samkeppni. Það er eitthvað við sálina hérna sem sumum finnst vera eins konar hjarta hérna í Mjóddinni,“ segir Alfred Ásberg Árnason, framkvæmdastjóri Sambíóanna, sem hefur fylgt fyrirtækinu frá upphafi og á einmitt afmæli í dag ásamt Elísabetu tvíburasystur sinni. Dagsetningin á opnun kvikmyndahússins var því engin tilviljun á sínum tíma. Alfred bendir á að í dag séu breyttir tímar, bæði hvað varðar myndirnar sjálfar og biómennunguna.

„Ég var bara smáþjakkur, fimmtán ára gamall, þegar ég byrjaði að vinna í bíóunum,“ segir Alfred og bendir á að á þeim tíma hafi verið mikið um áfengisdrykkju í bíósölunum. „Það voru engir pöbbar svo að fólk drakk oft í bíó og fór svo niður á Hallærisplan. Það gat stundum verið erfitt að mæta í vinnuna svona ungur og takast á við eldri krakka sem voru drukkni. En þetta voru ógleymanlegir tímar og bíóin helstu samkomustaðirnir þar sem þör kynntust og sambönd urðu til.“

**Endurteknar dómsdagsspár**  
Þótt bíóin séu í dag búin að skjóta traustum rötum í íslensku samfélagi voru ekki allir sannfærðir á sínum tíma. „Þegar pabbi opnaði í miðri videóvæðingunni var tekið viðtal við hann á RÚV þar sem hann var spurður hvort það væri ekki ós mans æði að opna kvikmyndahús,“ segir Alfred. „Það er alltaf



Alfred á vaktinni í Bióhöllinni 1984.

MYND/ADSEND



Það er alltaf verið að spá fyrir um endalok bíóanna.



Alfred Ásberg Árnason, framkvæmdastjóri Sambíóanna

verði að spá fyrir um endalok bíóanna.“ Nú hafa bíóin lifað leigurnar af og segir Alfred að samfélagslega þörfin eigi sinn þátt þar. „Við sáum það í faraldrinum þegar við fengum engar myndir erlendis frá og fórum að sýna eldri myndir hvað það voru margir að mæta. Það komu yfir tvö þúsund gestir á The Shining og yfir þrjú þúsund á Harry Potter-myndirnar. Fólk finnst gaman að koma og sýna sig og sjá aðra. Tilkoma samskiptamiðla veldur því að fólk talar opinskátt um það helsta

sem er í gangi og þá verður mikilvægara að sjá myndirnar sjálfur sem fyrst og geta tekið þátt í umræðunni.“

**Hjólin farin að snúast**  
Síðustu tvö ár hafa reynst kvikmyndunendum ansi erfið en Alfred segir áhugann ekki standa á sér nú þegar takmörkunum hefur verið aflétt.

„Þetta er búið að vera upp og niður í faraldrinum. Það opnaðist smá glufa með Bond og Leynilöggunni í október sem endaði á að vera tekjuhæsti mánuður fyrirtækisins. Þetta tekur smá tíma að vinna sig aftur inn en fer að gera það þegar stóru myndirnar byrja að detta inn.“

Alfred segir að engin mikil hátíðarhöld séu plönuð þar sem óvissa í kringum takmarkanirnar hafi verið svo mikil. Þeim sem fylgi Sambíóunum á samfélagsmiðlum standi þó til boða að fá fjörutíu prósentu afslátt með kóða.

**En hvað er svo fram undan á árinu?**  
„Það er auðvitað fullt af stórum myndum á leiðinni, og svo verða stórar breytingar í Kringlunni þar sem við ætlum meðal annars að opna nýjan lúxussal. Bíóin verða líka alltaf að vera í sífelltri þróun og bjóða upp á nýjustu tækni og gæði,“ segir Alfred og þakkar um leið starfsfólki Sambíóanna fyrir vel unnin störf í fjörutíu ár. ■



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Andrésdóttir**

Hæðargarði 33, Reykjavík,

sem lést 5. febrúar, verður jarðsöngun frá Frikirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 4. mars kl. 11.

**Einar Snorri Sigurjónsson** **Edda Hannesdóttir**  
**Guðrún Birna Einarsdóttir** **Einar Garðarsson**  
**Ragnar Einarsson** **Linda Benediktsdóttir**  
og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Theodor Antonsson**

mälaramestari,

lést laugardaginn 19. febrúar. Útför fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 4. mars kl. 13.00.

**Aðalheiður Guðmundsdóttir** **Birgir Sigurðsson**  
**Jón Viðar Guðmundsson**  
**Þórunn Huld Ægisdóttir** **Jóhann Bjarnarsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hallgrímur Jónsson**

frá Laxamýri,

verður jarðsöngunin fimmtudaginn 3. mars í Laugarneskirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Sveinbjörg Hallgrímsdóttir**  
**Ásgerður Hallgrímsdóttir**  
**Ingunn Elin Hróbjartsdóttir**  
**Jóna Hróbjartsdóttir**  
**Elin Margrét Hallgrímsdóttir**  
**Álfhildur Hallgrímsdóttir**



Ástkær eiginkona mín, dóttir, systir, mamma, tengdamamma og amma,

**Margrét Hólm Magnúsdóttir**

sjúkraliði,

lést í faðmi fjölskyldunnar fimmtudaginn 24. febrúar. Útförin fer fram í Akureyrarkirkju mánudaginn 7. mars, kl. 13.

**Gunnar Blöndal**

**Kristín Hólmgrímsdóttir** **Sigurður Sveinn Sigurðsson**  
**Guðrún Kristín Blöndal** **Haraldur Lindal Pétursson**  
**Anna Bryndís Blöndal** **Sylvía Kolbrá Hákonardóttir**  
**Magnús Blöndal** **Bergþóra H. Bergþórsdóttir**  
**Orri Blöndal** og ömmubörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Marey Stefania Björgvinsdóttir**

lést 8. febrúar sl. Útför fór fram í Kyrrþey. Þökkum hlýjar kveðjur.

**Þórður Þorgrímsson**  
**Björgvin H. Þórðarson** **Brynjar Ólafsson**  
**Þórný Þórðardóttir** og afkomendur.



**Auður Ingvarsdóttir**

tannsmíðameistari, Víðimel 60,

er látin.

Jarðsöngið verður frá Neskirkju mánudaginn 7. mars klukkan 13.

**Rannveig Sigurðardóttir** **Hermann Þórisson**  
**Freyr Hermannsson** **Helga Rún Runólfssdóttir**  
**Nanna Hermannsdóttir** **Marínó Örn Ólafsson**  
Hlynur, Sóley, Auður Lilja og Móeiður Gyða

# HRAUNGATA 15-17

GLÆSILEGAR NÝJAR ÍBÚÐIR  
Í URRÍÐAHOLTI Í GARÐABÆ





**heimili**  
fasteignasala  
á traustum grunni

## NÝTT Í SÖLU



**Opið hús laugardaginn 5. mars klukkan 11:00 – 16:00  
og sunnudaginn 6. mars klukkan 12:00 – 15:00.**

**Til að tryggja gott aðgengi allra að eignunum þurfa allir að skrá sig fyrirfram í opna húsið.**



Verð frá **51.5 - 86.9 millj.**

Afhending í lok júní 2022.

- Glæsilegar nýjar fjölskylduvænar íbúðir.
- Íbúðir afhentar fullbúnar án gólfefna.
- Stærðir frá 70 fm – 127 fm, 2ja til 4ra herbergja.
- Vandaðar innréttingar frá Axis.
- Stæði í bílageymslu með flestum íbúðum.
- Frístandandi sér loftræstikerfi sem eykur lífsgæði.
- Allar íbúðir með suðursvalir eða vörund.
- Glæsilegt útsýni að Urriðavatni.
- Frábær staðsetning við útivistarsvæði og úrval verslana.
- Traustur byggingaraðili, MótX ehf.

**BÓKIÐ YKKUR Í OPIÐ HÚS - SENDIÐ OKKUR PÓST.**



**Gunnlaugur A. Björnsson**  
Löggiltur fasteignasali | s. 617 5161  
gab@heimili.is



**Finnboði Hilmarsson**  
Löggiltur fasteignasali | s. 895 1098  
finnbogi@heimili.is

## Dagskrá

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag** Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknunum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Bíóbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Markaðurinn**

## RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.35 Útsvar 2009-2010**
- 14.35 Rökstólar**
- 14.50 Kveikur**
- 15.40 EM stofan**
- 15.50 Undankeppni EM kvenna í handbolta** Bein útsending frá leik Tyrklands og Íslands í undankeppni EM kvenna í handbolta.
- 17.30 EM stofan**
- 17.50 Landakort**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Hruturinn Hreinn**
- 18.08 Millý spyr** Heimspékilegar vangaveltur fyrir krakka á aldrinum 6-12 ára.
- 18.15 Múminálfarnir**
- 18.37 Eldhugar – Phoolan Devi – ræningjadrottningin**
- 18.40 Krakkafréttir**
- 18.45 Lag dagsins**
- 18.52 Vikiplottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.00 Græna röðin með Sinfó**
- 21.10 Kiljan**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Pútín - Saga af njósnara** Heimildarþáttarað í premur hlutum frá BBC um ævi og feril Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta, þar sem meðal annars er fjallað um hvernig hann notfærði sér reynslu sína af njósnarstörfum til að komast til valda. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.10 Undirrot hatus**
- 23.50 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist**
- 12.30 Dr. Phil**
- 13.12 The Late Late Show**
- 13.52 The Block**
- 14.43 Ghosts**
- 15.03 Kenan**
- 15.24 Survivor**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 The Block**
- 20.10 Celebrity Best Home Cook**
- 21.00 Chicago Med**
- 21.50 Station 19**
- 22.40 The Great**
- 23.35 The Late Late Show**
- 00.20 Dexter**
- 01.10 9-1-1**
- 01.55 NCIS: Hawaii**
- 02.40 In the Dark**
- 03.25 Tónlist**

## Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.20 The O.C.**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Britain's Got Talent**
- 10.30 Britain's Got Talent**
- 10.55 Matargleði Evu**
- 11.15 GYM**
- 11.40 Hell's Kitchen**
- 12.25 Nágrannar**
- 12.45 Kjötætur óskast**
- 13.30 Gulli byggir**
- 14.10 Atvinnumennirnir okkar**
- 14.45 All Rise**
- 15.30 Manifest**
- 16.10 Lóa Pind: Örir íslendingar**
- 16.55 Last Week Tonight with John Oliver**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Bætt um betur** Heimilis- og lífsstílsþáttur þar sem þeir Kári Sverriss og Ragnar Sigurðsson koma fólki til hjálpar sem er á þeim buxunum að breyta til heima hjá sér.
- 19.40 First Dates Hotel**
- 20.30 Grey's Anatomy**
- 21.15 The Unusual Suspects**
- 22.05 Coroner**
- 22.50 The Blacklist**
- 23.30 NCIS: New Orleans**
- 00.10 Last Week Tonight with John Oliver**
- 00.50 The O.C.**
- 01.30 Hell's Kitchen**
- 02.15 All Rise**
- 02.55 Manifest**
- 03.35 Hell's Kitchen**

## Bíóbærinn og nýja Batman-myndin

Nýjasta Batman-myndin verður tekin fyrir í þættinum Bíóbænum sem er á dagskrá öll miðvikudagskvöld á Hringbraut, en það eru jafnan tíðindi þegar ný ræma um frelsarann fljúgandi kemur í kvikmyndahús. Það er Robert Pattinson sem leikur góðmennið að þessu sinni – og væntanlega kemst hann á eitthvert flug í leik sínum og tilþrifum í myndinni.



## Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

## LÁRÉTT

- 1 skarð  
5 gyðja  
6 kraðak  
8 frægja  
10 tónn  
11 ódagot  
12 bréfspjald  
13 ýkja  
15 fótaferð  
17 dok

## LÓÐRÉTT

- 1 afl  
2 veita  
3 ennþá  
4 gugginn  
7 alls  
9 ráðgera  
12 varp  
14 loftfar  
16 utan

LÁRÉTT: 1 kletf, 5 rann, 6 ós, 8 annála, 10 fa, 11 fúm, 12 kort, 13 afar, 15 rismál, 17 stans.  
LÓÐRÉTT: 1 kraftar, 2 lána, 3 enn, 4 fólnur, 7 sam-tals, 9 áforma, 12 kast, 14 fis, 16 án.

## Sudoku

7	8		4			2		
				3	1		8	4
		5	6			7		
			1		4			
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

9						6		
				2				4
		4		7				
5	4					3		
		2	8	9			5	
7			2			8		
8			4		6	1	9	
	9		3				7	6
3								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Foreldrafundur í kvöld! Nýr formaður kosinn, bekkjarfulltrúar útvaldir og nefnd fyrir 17. júní!

Og ég óska ykkur góðs gengis!

Ég fer alltaf! Af hverju þarf ég að fara?

Út af... einmitt þessu sem þú taldir upp?

Tveir valkostir! Þú ferð, og gerir það sem þú getur til að hjálpa! Ég fer, og skrúái þig tilbúinn til að taka þátt í hreingingum!

Hey, Pondus! Það er laust hérna!

Eh... takk samt! Ég þarf að sitja einn! Snúinn sköflungur!

FERMINGARBLAÐ  
FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út föstudaginn 11. mars.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson  
Sími 550 5654  
jonivar@frettabladid.is

Arnar Magnússon  
Sími 550 5652  
arnarm@frettabladid.is

Jóhann Waage  
Sími: 550-5656  
johannwaage@frettabladid.is

Ruth Bergsdóttir  
Sími 694 4103  
ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



# ÞVOTTI *dagar*



## 20% AFSLÁTTUR

**AEG & SAMSUNG** ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKARAR & UPPÞVOTTAVÉLAR

**ORMSSON**

# Á harðaspretti inn í eilífðina

## LEIKHÚS

### Ég hleyp

eftir Line Mørkeby

Borgarleikhúsið

Leikstjóri: Harpa Arnardóttir

Leikari: Gísli Örn Garðarsson

Þýðandi: Auður Ava Ólafsdóttir

Leikmynd: Börkur Jónsson

Búningar: Filippia Elisdóttir

Leikgervi: Elin S. Gísladóttir

Lýsing: Pálmi Jónsson

Tónlist og hljóðhönnun: Ísidór

Jökull Bjarnason

Sigríður Jónsdóttir

Ekkert foreldri á að lifa barnið sitt. Sorgin sem fylgir slíkum harmleik er lamandi, andlega og líkamlega. Hvernig er hægt að sigrast á sorginni? Er það yfirleitt hægt? Einleikurinn Ég hleyp eftir Line Mørkeby byggir á bloggi danska blaðamannsins Anders Legarth Schmidt sem hann byrjaði að skrifa fyrir Politiken árið 2015 eftir dauðdaga dóttur sinnar. Daginn sem hún lést úr hvítblæði byrjaði hann að hlaupa og hann hætti ekki, gat ekki hætt. Sorgin og hlaupaárátta bar hann í burtu frá hversdagslegum harmi, nær látinni dóttur sinni og í átt að hlydþínu.

Line Mørkeby er margverðlaunað danskt leikskáld og textinn ber þess merki að hér er hæfileikakona á ferð. Tæknilega er leikritið mjög vel samið. Hún leikur sér með innri og ytri tíma, endurtekningar og abstrakt lýsingar á hugarástandi af mikilli næmni. Hættan við slíkar sögur er að væmnin taki völdin en henni tekst að mestu að bæjja slíkri tilfinningasemi frá. Staðhættir eru lítillaga staðfærðir frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur en þýðandinn er rithöfundurinn Auður Ava Ólafsdóttir sem leysir verkefnið vel úr hendi.

### Eftirminnileg endurkoma

Eftir rúmlega tíu ára fjarveru frá fjölunum er Gísli Örn Garðarsson kominn aftur á leiksviðið. Eftirminnilegi endurkoma leikara hefur ekki sést í langan tíma. Hlutverkið er ekki eingöngu erfitt tilfinningalega heldur gifurlega krefjandi líkamlega þar sem hann hleypur bróðurpartinn af sýningunni á meðan hann flytur textann. Persóna verkisins reynir bókstaflega að særa út harminn með aflinu einu saman. Gísli Örn leiðir áhorfendur



Eftirminnilegi endurkoma leikara hefur ekki sést í langan tíma, segir gagnrýnandi.

MYND/ÍRIS DÖGG EINARSDÓTTIR

listilega í gegnum sorgarferli einstaklings sem heyr hetjulega baráttu til að ná stjórn á lífi sínu. Merkilegt er að sjá hvernig Gísli Örn vefur andlegu ástandi persónunnar inn í hlaupastilinn. Stundum er líkami hans linur eins og strengjabrúða, öðrum stundum grjótharður eins og hann sé að brynja sig fyrir frekari áföllum og að lokum flæðandi eins

og vatnið. Ekkert foreldri á að lifa barnið sitt.

Miðpunktur leiksviðsins er upphækkaður pallur sem á situr hlaupabretti. Börkur Jónsson hannar leikmyndina og þó að hann sé kannski ekki þekktur fyrir naumhyggju þá hentar sá still hæfileikum hans mjög vel. Tjaldid sem umlykur hlauparann á einum tímapunkti

er áhrifamikil en þrengir aðeins of mikið að Gísla Erni þegar það svífur yfir honum.

Leikstjóri Ég hleyp er Harpa Arnardóttir sem nálgast textann með hjartnæmum hætti og textann að leiðarljósi, að mestu. Stundum fer hún þó út af sporinu því um leið og stigið er frá textanum og af pallinum þá missir sýningin slag-



Gísli Örn leiðir áhorfendur listilega í gegnum sorgarferli einstaklings sem heyr hetjulega baráttu til að ná stjórn á lífi sínu.

kraftinn. Orka og aðráttarafi sögunnar kjarnast á hlaupabrettiinu, uppi á pallinum, en dvínar um leið og sá hjúpur er rofinn. Við sömu erfiðleika er að stríða í búningahönnun Filippíu Elisdóttur en búningaskiptin eru óþarflega mörg og ekki nauðsynleg. Best hefði verið að strípa allt niður, alveg eins og ónefndi faðirinn flær af sér skinnið, bæði af ást og sorg. Ekkert stendur eftir nema eftirmynd af manneskju, svarthol sem ómögulegt er að fylla.

### Uppgötvun kvöldsins

Á flestum listrænum póstum sýningarinnar er listafólk hokið af reynslu en uppgötvun kvöldsins er nýliðinn Ísidór Jökull Bjarnason sem semur tónlistina og hannar hljóðheiminn. Nálgun Ísidórs Jökuls ber merki um þroska og listrænan skilning enda er handverk hans eftirminnilegt án þess að taka athygli frá sýningunni, í stað þess styður tónlistin við og bætir upplifunina. Hér er á ferð listamaður til að fylgjast með.

Ekkert foreldri á að lifa barnið sitt. Sorgin hverfur aldrei en mögulega er hægt að koma henni í nýjan farveg. Til þess að það sé hægt er nauðsynlegt að líta inn á við og finna frið með sjálfum sér. Lífið heldur áfram en verður aldrei eins og áður. Gísli Örn ber Ég hleyp á baki sér og sýnir að hann hefur engu gleymt. Vonandi þurfum við ekki að bíða aftur í tíu ár til að sjá hann á leiksviðinu því þar á þessi leikari svo sannarlega heima. ■

**NIDURSTAÐA:** Gísli Örn hleypur eftirminnilega á harðaspretti inn í nistandi sorgina. Ég hleyp er sýning sem enginn má missa af.

## Hönnuðir í vinnustofu

kolbrunb@frettabladid.is

Í vinnustofu Hönnunarsafnsins í Garðabæ eru þrjár ungir vöruhönnuðir að vinna með leir. Þær gera bolla með setningum á, sem þær hafa heyrt í heita pottinum. Þær sitja við og vinna og fara þess á milli í sund til að hlusta á gesti spjalla saman en sjálfar eru þær til í spjall við gesti um leið og þær eru að móta leirinn og mála. Þann 5. mars ætla þær að vera með innflutningsboð í anddyri Hönnunarsafnsins en hópurinn samanstendur af vöruhönnuðunum Agnesi Freyju Björnsdóttur, Silvíu Sif Ólafsdóttur og Sylvíu Dröfn Jónsdóttur. Vinnustofudvöl þeirra lýkur svo með fuglaböðum sem þær eru nú byrjaðar að hanna og verða sýnd á Hönnunarsafni Mars 2022.

Á laugardaginn verður viðbót á sýningunni Sund sem er í Hönnunarsafninu en það er sýndarveruleikaverk eftir Hrund Atladóttur



Skemmtilegir bollar með setningum.

sem verður hægt að upplifa í litlu sýningarrými út frá búð safnsins. Þar munu gestir geta sett á sig gleraugu og verið þar með ofan í sundlaug þar sem ýmislegt mun bera fyrir augu. ■

## Toggi í Fríkirkjunni

kolbrunb@frettabladid.is

Fimmtudaginn 3. mars, á morgun, mun kvartett Þorgríms Jónssonar flytja lög af plötunni Hagi á hádegistónleikum í Fríkirkjunni við Tjörnina. Tónleikarnir hefjast kl. 12 og taka um hálfu klukkustund.

Bassaleikarinn Þorgrímur Toggi Jónsson er djassáhugamönnum að góðu kunnur og hefur leikið með rjöma íslenskra tónlistarmanna um árabil. Árið 2016 sendi hann frá sér sína fyrstu sólóplötu sem fékk afar góðar viðtökur, ber þar hæst að hún var valin plata ársins og Þorgrímur tónhöfundur ársins í flokki djass og blús á Íslensku tónlistarverðlaunum fyrir árið 2016. Í ágúst síðastliðnum kom svo út hans önnur sólóplata sem ber nafnið Hagi. Sú plata hefur verið að fá glimrandi góðar viðtökur víðs vegar um heim sem og hýlendis.

Á þessum hádegistónleikum Fríkirkjunnar verður því efnisskráin



Á þessum hádegistónleikum Fríkirkjunnar verður því efnisskráin helguð tónlistinni af plötunni Hagi.

helguð tónlistinni af plötunni Hagi.

Auk Þorgríms á raf- og kontrabassa eru með honum gítarleikarinn Rögnvaldur Borgþórsson, píanó- og allskonarleikarinn Tómas Jónsson og Magnús Trygvason Eliasen á trommur. ■



Þorgrímur Jónsson tónlistarmaður.

Nýtt

# HARÐ PARKET

/ ocean 8 xl.

/ ocean 8 xl.

2 metra löng borð  
extra breið

hydro+  
BERRY ALLOC

Kynningarverð  
kr. **4.390.-**  
pr./m<sup>2</sup>

BERRY  ALLOC

Parquet á mynd: Ocean 8 XL Gyant Dark Brown



Opið mánud. - fimmtud. frá 08:00-18:00 /  
föstudaga 08:00 - 17:00 / Laugard. 10:00-14:00

 **ÁLFABORG**  
- allt a gólfíð -

Skútuvoði 6  
104 Reykjavík  
Sími: 568 67 55  
alfaborg.is

2. - 7. MARS

# TAX FREE

AF ÖLLUM SÓFUM OG STÓLUM\*

## SCOTT

Hornsófi úr sterku koníaksbrúnu bonded leðri (leðurlöndu). Sterkir fætur úr svörtu járn. Hægra eða vinstra horn (ekki færánlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm.

**225.812 kr.** ~~279.990 kr.~~



\* Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og stólum nema sérpöntunum og Skovby.

Afsláttur jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is  
Sími: 558 1100

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING  
á Hringbraut




## Öskudagsminningar fyrir tíma Marvel og snjallsíma

Dýpra reyndist á ljósmyndum frá löngu liðnum öskudögum en ráð var fyrir gert þegar Fréttablaðið freistaði þess að fá fullorðin öskudagsbörn til þess að deila minningum sínum með alþjóð. Enda öll þau sem leitað var til komin af léttasta grímubúningakeiði áður en snjallsímavæðingin leyfði filmumyndavélar og framköllun af hólmi.

odduraevar@frettabladid.is  
toti@frettabladid.is

Ragnhildi Steinunni, Manuelu Ósk, Birgittu Líf og Laufeyju Haraldsdóttur tókst þó af harðfylli og útsjónarsemi að grafa upp gamlar myndir af til dæmis ljóni, engli, litilli mús og hjúkrunarfræðingi með Madonnuklippingu sem staðfesta rækilega að heimagerðir búningar rúma mikla gleði og ljúfar æskuminningar ekkert síður en Marvel- og Disney-hetjur og uppblásin furðufyrirbæri. ■



### Alltaf elskað engla

#### Birgitta Líf Björnsdóttir

„Ég hef alltaf elskað engla og verið mikill engill sjálf. Þetta á því vel við mig enn þann dag í dag.“ segir Birgitta Líf sem heldur að hún hafi verið níu ára gömul þegar hún skartaði þessum öskudagsbúningi.



### Ég heiti Manuela, ég er ljón

#### Manuela Ósk Harðardóttir

„Þetta er ljón, augljóslega.“ segir Manuela við heldur kjánalegri spurningu um hvort þarna hafi verið á ferðinni köttur eða ljón. Hún telur öruggt að hún hafi verið níu ára þegar myndin var tekin.



„Ekki eru myndgæðin mikil en fjögurra ára gömul var ég snoðaður hjúkrunarfræðingur.“ segir Ragnhildur Steinunn.

MYND/ADSEN

### Hjúkrunarfræðingur með Madonnuklippingu

#### Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir

„Sko, ástæðan fyrir að ég er snoðuð fjögurra ára gömul er sú að ég fékk Madonnu-plötuna á heilann 1983. Hlustaði á Holiday, Borderline og öll þessi lög daginn út og daginn inn og heimtaði að vera stutthærð eins og átrúnaðargoðið.“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir sem féll ung fyrir tónlist Madonnu af fyrstu plötu poppdívunnar.

„Af klippingunni að dæma hefur þetta líklegast verið „hjemmelavet“ en við fjölskyldan bjuggum í Danmörku á þessum



tíma þar sem foreldrar mínir voru í námi.“ segir Ragnhildur Steinunn og bætir við að eftir að næsta plata Madonnu, Like a Virgin, kom út hafi ekki verið aftur snúið. „Ég er nokkuð viss um að dansspor frumburðar foreldra minna hafi valdið þeim töluverðum áhyggjum af því sem koma skyldi og örugglega nokkuð góð ástæða fyrir því að þau töldu mig af því að vera Madonna þennan öskudag og sannfærðu mig um að snoðaður hjúkrunarfræðingur væri töff.“




### Alltaf elskað öskudaginn

#### Laufey Haraldsdóttir

„Ég hef alltaf elskað öskudaginn því mér finnst svo gaman að vera í búningi. Ég man að ég var mjög fúl að vinna ekki búningakeppnina þegar ég var næturdrottningin.“ segir Laufey sem gat betur og töfraði fram hvorki fleiri né færri en fjórar öskudagsmyndir.

„Hér koma krúttlegustu myndir af mér í heiminum!“ segir hún um myndirnar þar sem hún birtist sem tveggja ára mús, þriggja ára kanína, fjögurra ára álfaprinsessa og sjö ára næturdrottningin sem missti af verðlaununum.



# Hjálpaðu barni

Of mörg börn eru yfirgefin, án kærleiks og umönnunar.  
Gefðu umkomulausu barni kærleiksríkt heimili og örugga æsku.  
**Vertu SOS-foreldri** og fylgstu með uppvexti barnsins.

**Skráðu þig á [sos.is](https://sos.is)**



SOS  
BARNAPÖRPIN





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**02 | 03**  
MIÐVIKUDAGUR  
KL.20:00

# VÍKINGUR OG DANÍEL

**María Huld Markan Sigfúsdóttir**  
Clockworking

**John Adams**  
Lollapalooza

**Daníel Bjarnason**  
FEAST

Hljómsveitarstjóri  
**Daníel Bjarnason**

Einleikari  
**Víkingur Heiðar Ólafsson**

Kynnir  
**Halla Oddný Magnúsdóttir**

Þegar Víkingur Heiðar Ólafsson frumflutti píanókoncertinn *Processions* eftir Daníel Bjarnason á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2009 var augljóst að ný kynslóð væri í þann mund að setja mark sitt á íslenskt tónlistarlíf. Eftir margvíslega sigra þeirra beggja á alþjóðlegri grundu á undanförunum árum hefur Daníel nú samið nýjan píanókoncert fyrir Víking Heiðar, *FEAST*. Konsertinn var frumfluttur í Los Angeles þann 18. febrúar síðastliðinn og verður nú frumfluttur á Íslandi á tónleikum hljómsveitarinnar undir stjórn tónskáldsins sjálfs. Einnig verða flutt verkin *Clockworking* eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og *Lollapalooza* eftir John Adams.

Fáið ykkur sæti í Eldborg eða í sófanum heima því tónleikarnir verða einnig sendir út í beinni sjónvarpsútsendingu á RÚV, og eru þeir um klukkustundarlangir án hlés.

Miðasala í Hörpu eða á [sinfonia.is](http://sinfonia.is)



## Bakþankar



Láru G. Sigurðardóttir

## Heimsfriður

Rúm hálf öld er liðin síðan John Lennon gaf út lagið Imagine þar sem hlustendur eru hvattir til að sjá fyrir sér mannkynið sameinast um frið. Síðar sendi hann frá sér lagið Give Peace a Chance í tilefni loka Vietnamstríðsins 1975.

Nú standa 44 milljónir Úkraínubúa andspænis stríði. Hálf milljón er nú þegar á flótta. Þá skýtur skökku við að horfa á rosinn mann taka jafn afdrifarið ákvarðanir sem stríði fylgja – flestir róast með aldrinum. Eins hefði maður talið að nútíma samskiptaferni kæmi í veg fyrir stríð. Á meðan við getum talað saman í lifandi mynd milli heimsálfa og læknað sjúkdóma sem voru áður ólæknaði, þá grípa menn til vopna líkt og á miðöldum. Hermenn eru strengiabrúður valdsins og þeir sem standa uppi eftir stríðið eiga ekki alltaf afturkvæmt í samfélagið, því stríð rænir þá innri friði. Nýlegar rannsóknir sýna að um 250 þúsund hermenn úr Vietnamstríðinu þjást af áfallastreituröskun mörgum áratugum eftir að því lauk.

Þá kveikir það von að horfa á viðbrögð ríkja heims, sem sýnir að meirihluti mannkyns kys frið. Þjóðir þjóða aðstoð sína eða leggja á höft til að þvinga Pútín til að draga herlið sitt heim.

Ísland hefur verið álitid friðsælasta land í heimi síðan Global Peace Index var fyrst mældur árið 2008. Þá er táknrænt að Yoko Ono valdi Ísland fyrir Friðarsúluna sem var vígd árið áður en Ísland hreppti fyrst titilinn. Á súluna eru orðin Imagine Peace áletruð á 24 tungumálum, en að sjá fyrir sér frið er einmitt fyrsta skrefið í átt að friði. Ísland hefur í gegnum tíðina stuðlað að friði, samanber leiðtoga-fundinn í Höfða. Okkur er treyst fyrir Friðarsúlunni, en hvað erum við að gera núna til að stuðla að heimsfriði? ■

islenskt.is

# Grúka

Það er svo létt að breyta íslenskri gúrku í eitthvað alveg nýtt og ferskt.



Borðaðu hana í heilu lagi; skorna í helminga, langsum eða þversum, í sneiðar, stilk eða litla safaríka teninga.

Vatnsmælirinn: **Gúrka**

96% íslenskt vatn



pappír  
 umhverfið  
 prentun



LITRÓF  
 UMHVERFISVÆN  
 PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík  
 litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



Íslenskt  
 grænmeti

